



Háskólinn  
á Akureyri  
University  
of Akureyri

# Brautryðjendur íslenskra vesturferða.

Saga fyrstu vesturfaranna á árunum 1855-1875

Auðunn Ingi Meldal

Félagsvísindadeild  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
2020

# Brautryðjendur íslenskra vesturferða.

Saga fyrstu vesturfaranna á árunum 1855-1875

Auðunn Ingi Meldal

12 eininga lokaverkefni  
sem er hluti af  
Baccalaureus Artium-prófi í nútímafræði

Leiðsögukenari  
Páll Björnsson  
Ráðunautur  
Birna G. Konráðsdóttir

Félagsvísindadeild  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
Akureyri, ágúst 2020

Titill: Brautryðjendur íslenskra vesturferða. Saga fyrstu vesturfaranna á árunum 1855-1875.

Stuttur titill: Brautryðjendur íslenskra vesturferða.

12 eininga bakkalárprófsverkefni sem er hluti af Baccalaureus Artium-prófi í nútímafræði.

Höfundarréttur © 2020 Auðunn Ingi Meldal

Öll réttindi áskilin

Félagsvísindadeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurlóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Auðunn Ingi Meldal, 2020, bakkalárprófsverkefni, Félagsvísindadeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 53 bls.

Prentun:

Akureyri, ágúst, 2020

# Ágrip

Íslendingar voru þátttakendur í mestu búferlaflutningum mannkynssögunar á 19. og 20. öld. Heimildum ber ekki saman um fjölda þeirra Íslendinga sem fór vestur um haf en almennt er talið að það hafi verið um 20-25% þjóðarinnar. Í þessari ritgerð verður farið yfir fyrstu 20 ár vesturfaraskiðsins (1855-1875) og brautryðjendum íslenskra vesturfara fylgt eftir.

Vesturferðir Íslendinga hófust þegar mormónar fóru til Utah fylkis í Bandaríkjunum árið 1855. Það var svo árið 1860 sem þingeyskir bændur stofnuðu fyrstu íslensku félagasamtökin sem höfðu fjöldaflutninga frá Íslandi á stefnuskránni og gerðu þónokkrar tilraunir til þess að stofna nýlendu í Brasilíu. Almennt miða fræðimenn við árið 1870 sem upphafsárs eiginlegra vesturferða á Íslandi þegar fjórir ungir menn fóru til Wisconsin í Bandaríkjunum og er farið yfir þróun og framvindu íslenskra vesturferða til ársins 1875, þegar Íslendingum var úthlutað stóru landsvæði við Manitobavatn í Kanada. Ásamt því er gerður samanburður á vesturferðum Íslendinga og vesturferðum hinna Norðurlandanna. Leitast verður við að svara því hverjar voru helstu ástæður þess að svo margir fluttu frá Íslandi, hvers vegna Íslendingar settust flestir að í Kanada en ekki Bandaríkjunum og hvort vesturferðir Íslendinga hafi verið frábrugðnar vesturferðum annarra Norðurlandabúa.

Ritgerðin er unnin í heimildaritgerðarstíl og er af stærstum hluta stuðst við eftirheimildir sem fengnar eru meðal annars úr ritum Ryan Eyford, Þorsteins Þ. Þorsteinssonar, Helga Skúla Kjartanssonar, Eyrúnar Eyþórsdóttur og Donald Gislason. Einnig er stuðst við frumheimildir úr hinum ýmsu fréttablöðum úr gagnasafni Tímarit.is.

Helstu ástæður þess að svo margir, eins og raun bar vitni, fluttu vestur um haf frá Íslandi, eru margþættar. Nefna má fá tækifæri í stöðnuðu landbúnaðarkerfi, óhagstætt veðurfar, ófrelsi, eldgos og óánægju með stjórnarfar. Megin ástæður þess að Íslendingar, einir þjóða, fluttu að mestum hluta til Kanada voru hversu seint þeir hófu vesturferðir ásamt því að kanadísk yfirvöld lögðu áherslu á að sannfæra Íslendinga um ágæti þess að setjast að í landinu. Einnig kom í ljós að talsverður samhljómur var með orsökum vesturferða Íslendinga og annarra Norðurlandabúa. **Lykilhugtök: Vesturfarar, vesturferðir, Ísland, Kanada, Brasilía, Norðurlönd, nýlenda, Nýja Ísland.**

# Abstract

Iceland was active in history's greatest migration period during the 19<sup>th</sup> and 20<sup>th</sup> centuries. Though there is a discrepancy in the numbers of how many individuals emigrated from Iceland, it is estimated that it was 20-25% of the Icelandic population during this time. This thesis examines the first 20 years of Icelandic emigration to the Americas (1855-1875) and explores how emigration formed and progressed in Iceland and traces the trailblazers who forged the path for future emigrants. Emigration started with a few Icelandic Mormons destined for the United States in 1855. However, it was not until 1860 that farmers in northeast Iceland established the first Icelandic emigration organisation in an attempt to build a colony in Brazil. The progression of emigration is examined, from 1870—when four young men emigrated to Wisconsin—to 1875, when Canadian authorities assigned Icelanders territory on Lake Manitoba. Moreover, a comparison is made between Icelandic emigration and emigration of other Nordic countries. The thesis endeavours to answer three main questions: What were the main motivations for emigration from Iceland? Why did Icelanders emigrate in the majority to Canada, whilst other nations predominantly emigrated to the United States? And lastly, is there a distinction between Icelandic emigration and that of other Nordic countries?

The thesis is a documentary study using predominantly secondary sources including the writings of Ryan Eyford, Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, Helgi Skúli Kjartansson, Eyrún Eyþórsdóttir, Donald Gíslason and others. Primary sources are also consulted including newspapers and newsletters accessed via the Timarit.is website.

Motivations for leaving Iceland were numerous and complex with a stagnated agricultural system, scarcity of arable land, harsh weather conditions, lack of opportunities and self-determination, and discontentment with government being the predominant reasons for departure. The reason why most emigrating Icelanders settled in Canada was twofold and can be attributed to how late Icelanders began emigration, and the efforts of the Canadian government to recruit them. Furthermore, there were many similarities between Icelandic emigration and that of other Nordic countries. **Keywords: Emigrants, migration, Iceland, Canada, Brazil, The Nordic Countries, colony, New Iceland.**

# Formáli

Ég vil byrja á því að þakka öllu því góða starfsfólki Háskólans á Akureyri, allt frá hreingerningarfólki til rektors, fyrir afar ánægjuleg samskipti en þau voru alltaf tilbúin til að aðstoða á vingjarnlegan hátt. Einnig vil ég þakka Páli Björnssyni fyrir góða leiðsögn við lokaverkefnið ásamt áhugaverðri og skemmtilegri kennslu í nútímafræðinni. Ég verð ævinlega þakklátur Birnu G. Konráðsdóttur, samnemanda mínum og vinkonu, fyrir ómælda aðstoð við gerð þessarar ritgerðar. Áttum við fjölda mörg samtöl um ritgerðarsmíðin þar sem hún gaf mér góð ráð og hvatti mig áfram þegar efinn sveif að. Einnig vill ég þakka Donald Gislason og íslensk-kanadíska klúbbum í Toronto (Icelandic-Canadian club of Toronto) fyrir að hafa veitt mér innblástur sem hjálpaði mér að velja viðfangsefni. Síðast en ekki síst vil ég þakka eiginkonu minni, Courtney Price fyrir þolinmæði og hvatningu við gerð ritgerðarinnar.

Hugmyndin að ritgerðinni fæddist eftir fyrirlestrakvöld hjá íslensk-kanadíska klúbbum í Toronto (Icelandic-Canadian club of Toronto) vorið 2019. Þar ræddi ég við Donald Gislason sem gerði heimildarannsókn á íslenska hópnum sem kom til Kanada árið 1874 og bjó í Kinmount í Ontario. Þess má geta að Donald Gislason er Kanadamaður af íslenskum ættum. Þegar þetta er skrifað hef ég búið í Kanada í þrjú ár, nánar tiltekið í Ontario fylki, en frá táningsaldri hef ég haft áhuga á vesturferðum Íslendinga.

# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>INNGANGUR.....</b>	<b>1</b>
<b>2</b>	<b>HELSTU ÁSTÆÐUR VESTURFERÐA.....</b>	<b>3</b>
2.1	VEÐURFAR OG NÁTTÚRUHAMFARIR .....	3
2.2	BÆNDASAMFÉLAGIÐ.....	3
2.3	SJÁLFSTÆÐISBARÁTTA OG ÁKALL UM BREYTINGAR .....	5
<b>3</b>	<b>YFIRLIT YFIR VESTURFARASKEIÐ ÍSLENDINGA.....</b>	<b>6</b>
<b>4</b>	<b>FYRSTU VESTURFARARNIR .....</b>	<b>10</b>
4.1	ÍSLENSKIR MORMÓNAR Í UTAH .....	10
4.2	BRASILÚFARAR .....	11
4.3	EIGINLEGAR VESTURFERÐIR HEFJAST.....	15
<b>5</b>	<b>VESTURFERÐIR ÁRIN 1871 OG 1872.....</b>	<b>17</b>
<b>6</b>	<b>UNDIRBÚNINGUR OG UPPHAF FJÖLDAFLUTNINGA FRÁ ÍSLANDI TIL VESTURHEIMS.....</b>	<b>21</b>
6.1	SKIPULAGNING FYRSTU FJÖLDAFLUTNINGA .....	21
6.2	FJÖLDAFLUTNINGAR HEFJAST.....	22
6.3	FYRSTA NÝLENDAN Í KANADA .....	24
6.4	AÐRIR SEM FÓRU VESTUR ÁRIÐ 1873 .....	25
6.5	ALASKAÆVINTÝRI OG DRAUMUR UM NÝLENDU .....	27
<b>7</b>	<b>KINMOUNT-FARAR OG NÝJA ÍSLAND VERÐUR TIL.....</b>	<b>29</b>
7.1	ÁKJÓSANLEGIR ÍSLENDINGAR .....	29
7.2	TENGLI VIÐ KANADASTJÓRN MYNDUÐ.....	30
7.3	HÖRMUNGAR Í KINMOUNT OG AÐDRAGANDINN AÐ NÝJA ÍSLANDI.....	32
<b>8</b>	<b>SAMANBURÐUR Á VESTURFERÐUM ÍSLENDINGA OG NORÐURLANDAPJÓÐANNA.....</b>	<b>38</b>
<b>9</b>	<b>LOKAORÐ .....</b>	<b>41</b>
	<b>HEIMILDIR .....</b>	<b>43</b>

# 1 Inngangur

Almennt er talið að um tuttugu prósent íslensku þjóðarinnar hafi flutt frá landinu til Norður-Ameríku á árunum 1870-1914. Langflestir fóru til Kanada eða um áttatíu prósent (Eyford, 2016, bls. 7), hluti hélt til Bandaríkjanna en einnig fór lítill hópur til Brasilíu. Um langa hríð höfðu kanadísk stjórnvöld horft upp á að landið var einungis áfangastaður fyrir innflytjendur á leið þeirra til Bandaríkjanna, þangað sem flestir Evrópubúar leituðu. Með breyttum áherslum kanadískra stjórnvalda varð breyting á. Um miðbik áttunda áratugar nítjándu aldar varð Kanada því þungamiðja íslenskra vesturfara þegar kanadísk stjórnvöld samþykktu beiðni íslenskra innflytjenda um að fá úthlutað stóru landssvæði við Winnipegvatn rétt norðan við fylkismörk Manitoba. Stofnuð var þar nýlendan Nýja Ísland og sáu margir Íslendingar, sem þegar voru í Norður-Ameríku, fyrir sér að þar væri hægt að sameinast og taka við framtíðar vesturförum frá Íslandi.

Í þessari ritgerð verður fjallað um fyrstu ár vesturfaraskiðsins á Íslandi. Í fyrstu tveimur köflunum er farið yfir helstu ástæður hvers vegna svo margir Íslendingar fóru vestur um haf, ásamt stuttu yfirliti yfir vesturfaraskið Íslendinga sem lauk árið 1914. Næst verður skoðað tímabilið 1855-1870 þegar fyrstu vesturfararnir fóru til Utah, tilraunum þingeyskra bænda til þess að stofna nýlendu í Brasilíu og byrjun eiginlegra vesturferða. Þar á eftir verður fjallað um árin 1871 og 1872 þegar Íslendingar fluttu að mestu til Wisconsin í Bandaríkjunum og fyrsti Íslendingurinn settist að í Kanada. Í sjötta kafla er sérstaklega einblínt á árið 1873 þegar fjöldaflutningar hófust frá Íslandi, metnaðarfullum áformum um stofnun íslenskrar nýlendu í Alaska og fyrsta landnáminu í Kanada. Þar á eftir er fyrsta stóra hópnum, sem fór til Kanada árið 1874, fylgt eftir og skoðað hvernig erfiðleikar hópsins leiddu til stofnunar Nýja Íslands í Manitoba árið 1875. Að lokum verður reynt að varpa ljósi á hvort vesturferðir Íslendinga hafi verið frábrugðnar vesturferðum Norðurlandanna.

Leitast verður við að svara því hverjar voru helstu ástæður þess að svo margir fluttu frá Íslandi, hvers vegna Íslendingar einir þjóða settust flestir að í Kanada en ekki Bandaríkjunum og hvort vesturferðir Íslendinga hafi verið frábrugðnar vesturferðum annarra Norðurlandabúa. Töluvert verður stuðst við rannsóknir Ryan Eyfords sem m.a. hefur skrifað mjög ítarlega bók um íslenska vesturfara í Kanada. Fyrstu tvö bindin af fimm í *Sögu*



*Íslendinga í Vesturheimi* sem voru skrifuð af Þorsteini Þ. Þorsteinssyni og Tryggva J. Olsen, hafa einnig reynst mjög gagnleg. Einnig er stuðst við ritsmíðar Helga Skúla Kjartanssonar, Donald Gíslason, Ólafar Garðarsdóttur, Guðjóns Arngrímssonar, Eyrúnar Eyþórsdóttur o.fl. Ásamt því er notast við blaðgreinar frá fyrstu árum vesturfaraskeiðsins úr gagnagrunninum Timarit.is.

## 2 Helstu ástæður vesturferða

### 2.1 Veðurfar og náttúruhamfarir

Íslendingar hafa í gegnum aldirnar þurft að sníða sér stakk eftir vexti vegna óstöðugs veðurfars og jarðhræringa sem oft á tíðum hafa ákvarðað afkomu og lífsskilyrði fólksins í landinu. Jarðhræringar og veðurskilyrði á 19. öld voru veigamiklir þættir í vesturfarasögu landsins og áttu þátt í að skapa aðstæður þar sem fjölmargir Íslendingar sáu sér þann kost vænstan að yfirgefa landið til þess að bæta lífskjör sín.

Eftir að móðuharðindum lauk 1786 héldust veðurskilyrði að mestu hagstæð þangað til seint á sjöttaáratug 19. aldar. Þá versnaði veðurfar til mikilla muna og var meðalhiti ársins 1859 einungis tæplega ein gráða (Hagskinna, 1997, bls. 37) og þurftu margir bændur að skera bústofn sinn niður vegna skorts á heyi. Við tók kuldaskeið sem varði í nokkra áratugi og átti þátt í að mynda fyrstu skipulögðu hreyfinguna um flutning frá landinu. Eldgosið í Öskju árið 1875 gerði stóran hluta Austurlands illbyggilegan vegna öskulaga og einnig urðu miklar jarðhræringar á Mývatnsöræfum. Varð ástandið svo slæmt að Íslendingum barst fjárhagsaðstoð frá Englandi, Noregi og Danmörku (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 43).

### 2.2 Bændasamfélagið

Lög um vistarband voru í gildi í landinu þar til snemma á 20. öld sem þýddi að einungis þeir sem væru með yfirráð yfir bújörð og stunduðu þar búskap máttu ganga í hjónaband. Hverjum þeim sem ekki hafði ráð á því var gert að fara í vist og gerast vinnumaður/vinnukona hjá bónda sem hafði einskonar föðurlegt vald yfir vinnufólkinu. Vinnufólk var láglaunastétt og gat það tekið langan tíma að safna sér nægum verðmætum til að hafa efni á að leigja eða kaupa sér jörð.

Í kjölfar fólksfækkunarinnar af völdum móðuharðinda varð skyndilega nóg af lausum bújörðum og því tækifæri fyrir marga til þess að gerast bændur. Samhliða fjölgun bænda, lækkaði giftingaraldur Íslendinga. Margir gátu nú stofnað fjölskyldu og eignast börn fyrr en ella. Íslendingum fjölgaði hratt í kjölfarið og landið varð fullsetið fljótlega á ný (Gunnar Karlsson, 2013). Vegna hagstæðra veðurskilyrða, fólksfjölgunar og skorts á bújörðum leitaði fólk upp til heiða landsins, einkum á Austurlandi. Hófu þar margir búskap á jörðum sem áður

voru taldar lítt byggilegar (Helgi Skúli Kjartansson, 1980, bls. 69-70). Þannig gat fólk losnað undan kvöðum vistarbandsins og lifað frjálsu lífi.

Einnig var talsverður uppgangur í efnahagslífi landsins. Afkastageta sjávarútvegsins jókst til muna með tilkomu nýrra og stærri skipa sem höfðu meiri veiðigetu og gátu verið lengur á miðunum en áður þekktist. Útflutningur á fiskafurðum jókst úr 18 þúsund tonnum árið 1806 í tæp 36 þúsund tonn árið 1852. Ásamt því tvöfaldaðist sauðfjárstofninn á rúmlega fjórtíu ára tímabili og var orðinn 500 þúsund árið 1854 (Eyford, 2003, bls. 22).

Með kólnandi veðurfari um miðbik 19. aldar voru forsendur búskapar á heiðum landsins brostnar. Yfirgáfu bændur býli sín, misstu lífsviðurværi sitt og líklegt að flestir hafi farið í vist hjá öðrum bændum og engin trygging fyrir því að fjölskyldur færu á sama stað.

Um 1870 bjó stærsti hluti þjóðarinnar enn í sveitum landsins. Landbúnaðarkerfið var komið að þolmörkum og stóð ekki undir meiri mannfjölda sem þá var tæplega 70 þúsund. Þéttbýliskjarnar voru fáir og aðeins aðeins þrír staðir með fleiri en fimmhundrað íbúa, Akureyri, Ísafjörður og Reykjavík (Gunnar Karlsson, 2009, bls. 15-17). Mikil fjölgun átti sér stað í hópi ómaga og þurfamanna, árið 1871 voru þeir 264% fleiri en árið 1851 (Eyford, 2016, bls. 85-86). Ómagar og þurfamenn var fólk sem ekki gat séð um sig sjálft líkt og fátækir bændur, gamalmenni, munaðarleysingjar og börn fátækra bænda sem send voru í vist. Þetta var jafnframt lægst setti þjóðfélagshópurinn og var á framfærslu hreppanna (Gunnar Karlsson, 2009, bls. 112).

Ójöfnuður var mikill á landinu og var fámennur hópur embættismanna og bænda vellauðugir á meðan tekjulágur almenningur átti litla möguleika á að bæta kjör sín. Um 72% allra bújarða voru í einkaeigu efnaðra bænda og presta sem voru þó einungis 20% starfandi bænda í landinu og því meira en helmingur allra bænda leiguliðar. Talsverðar kvaðir fylgdu því að vera leiguliði og lítil vissa um að halda jörðinni til langs tíma. Eigendur jarðanna gátu leyst til sín jarðirnar svo framarlega sem þeir gátu sýnt fram á að þeir sjálfir eða ættingjar myndu nýta þær. Einnig þurfti leiguliðinn að viðhalda húsakostum og ef einhverjar framkvæmdir voru unnar á jörðinni sem juku virði hennar, átti hann að fá það bætt frá eiganda sem oftast en ekki var svikið. Því var lítill hvati fyrir flesta bændur að leggja út fyrir kostnaðarsömum endurbótum og stóð það vegi fyrir nauðsynlegum umbótum í íslenskum landbúnaði (Gunnar Karlsson, 2009, bls. 37-38).

## 2.3 Sjálfstæðisbarátta og ákall um breytingar

Hugmyndir um aukið frelsi almennra borgara breiddust hratt um Evrópu í kjölfar frönsku byltingarinnar (1789-1795) og bárust loks til Íslands með ungum mönnum sem fóru í nám til Kaupmannahafnar. Frelsinhreyfing Íslendinga, sem barðist fyrir auknu sjálfstæði frá Danmörku, bar loks árangur árið 1843 þegar Alþingi var endurreist. Annar merkur áfangi náðist nokkrum árum seinna þegar verslun við landið var gefin frjáls sem gerði fleirum en Dönnum kleift að stunda verslun hérlendis. Var það mikilvægt skref og átti eftir að reynast Íslendingum dýrmætt þar sem tengsl við kaupmenn frá fleiri löndum mynduðust. Opnaðist þar einnig möguleiki fyrir Íslendinga að komast til fleiri landa á auðveldari hátt en áður var mögulegt.

Meiri þungi færðist í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga þegar líða tók á nítjándu öldina og samþykkti danska þingið lög árið 1871 þar sem Ísland var skilgreint sem óaðskiljanlegur hluti Danmerkur en Íslendingar færu með stjórn á innanlandsmálum. Í kjölfarið varð til nýtt embætti á landinu, landshöfðingi sem var yfirmaður allra embættismanna landsins. Hann var fulltrúi Íslandsmálaráðherra sem staðsettur var í Danmörku og starfaði í umboði danska konungsins að málefnum Íslands. Lögunum, sem nefnd voru stöðulögin, var mótmælt og ekki samþykkt af Alþingi en voru engu að síður staðfest þegar konungur Danmerkur færði Íslendingum nýja stjórnarskrá árið 1874 (Gunnar Karlsson, 2009, bls. 205).

Þrátt fyrir ákall margra um breytingar á lögum líkt og vistarbandinu var lítill vilji til þess á Alþingi. Bændur voru annar stærsti hópur Alþingismanna á eftir embættismönnum og þar sem langstærstur hluti kosningabærra manna voru bændur, þurftu flestir þingmenn á stuðningi þeirra að halda til að ná kjöri á þing. Því var lítill vilji innan veggja Alþingis til að breyta lögum um vistarband sem tryggði bændum gnægð ódýrs vinnuafis. Um þriðjungur allra vinnandi manna á landinu var bundinn í vist og hafði takmarkaða möguleika til þess að losna undan vistarbandinu þar sem kaupíð var lágt (Gunnar Karlsson, 2009, bls. 105-116).

### 3 Yfirlit yfir vesturfaraskreið Íslendinga

Vesturferðir frá Evrópu hófust af krafti á fyrstu áratugum nítjándu aldar og var fólk frá Norðurlöndum, einkum Norðmenn og Svíar, einnig farið að streyma til Norður-Ameríku. Ólíkt nágrönnum sínum á Norðurlöndum fóru Íslendingar ekki að flytja vestur um haf fyrr en fámennir hópar mormóna fluttu til Utah fylkis í Bandaríkjunum á árunum 1855 og 1856. Þrátt fyrir ferðir mormóna til Utah var það nánast eingöngu á færi þeirra efnamestu að ferðast frá landinu. Helst tíðkaðist það að ungir menn úr sterkefnum fjölskyldum færu utan til náms og voru ferðirnar tímafrekar og kostuðu mikla fjármuni. Þó svo að örfáir hafi farið til Utah og Íslendingar hafi vitað af vesturferðum nágranna sinna, var áhugi landans ekki farin að beinast vestur. Með kólnandi veðurfari, skakkaföllum í búrekstri, aukinni sjálfstæðisbaráttu og ákalls um þjóðfélagsbreytingar sem erfiðlega gekk að ná í gegn, urðu vesturferðir sífellt fýsilegri kostur í augum þeirra sem ekki sáu fram á að kjör sín myndu batna á Íslandi. Talið er að á milli 15.000-20.000 Íslendingar hafi flutt frá landinu til Norður-Ameríku á árunum 1870-1914 en þjóðin taldi um 70.000 manns árið 1870 (Helgi Skúli Kjartansson og Steinþór Heiðarsson, 2003).

Tíð skakkaföll í búrekstri urðu kveikjan að stofnun fyrstu félagasamtaka á Íslandi sem höfðu brottflutning á stefnuskránni. Fyrst má nefna mikinn og skæðan fjárkláða sem herjaði á sauðfé landsmanna á árunum 1854–1859 og fækkaði í sauðfjárstofninum um fjórtíu prósent (Eyford, 2016) (85). Árið 1859 voru margir bændur nauðbeygðir til þess að skera ennfrekar niður bústofn sinn vegna heyskorts. Veturinn 1858-1859 var langur og gífurlega harður og sumarið kalt og grasspretta því lítil (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 72).

Nokkrir framfarasinnaðir bændur í Þingeyjarsveit stofnuðu sjóð á sjötta áratugnum með það að markmiði að bæta jarðrækt og búskilyrði, en slæmt veðurfar gerði út um áætlanir þeirra. Eftir þessa tilraun þótti þeim Ísland ekki lífvænlegt lengur, litlar líkur væru á framförum og möguleikum til að bæta kjör meginþorra landsmanna. Seint á árinu 1859 var boðað til fundar í sveitinni þar sem fjallað var um möguleikann á að flytjast til Grænlands. Eftir nokkrar umræður var ákveðið að Brasilía væri fýsilegri kostur (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 69-71). Í framhaldi var *Hið Brasilíska Útflutningsfélag* stofnað sem vann að því að flytja Íslendinga til Brasilíu og stofna þar nýlendu. Um sumarið 1863 fóru fjórir menn á vegum félagsins til Brasilíu til að kanna þar landsvæði fyrir íslenska nýlendu. Ásamt því að senda fjölmörg bréf til ættingja og vina sendu þeir skýrslur til félagsins á Íslandi þar sem m.a. var greint frá þeirra áliti og niðurstöðum könnunarleiðangra (Þorsteinn Þ.

Þorsteinsson, 1943, bls. 77-78). Með samtökunum var lagður grunnur að vesturferðum Íslendinga og áttu hugmyndir félagsins eftir að hafa víðtæk áhrif á landsmenn sem lásu skrif félagsins og umfjöllun um það í blöðum landsins.

Almennt er miðað við að eiginlegar vesturferðir Íslendinga hafi ekki hafist fyrr en 1870 þegar fjórir ungir Sunnlendingar fóru til Wisconsin í Bandaríkjunum. Áhugi Íslendinga á vesturferðum hafði fram að þessu eingöngu beinst að Brasilíu. Alls fóru fjörtíu Íslendingar til Norður-Ameríku á árunum 1870-1872, þar af einn til Kanada (Guðjón Arngrímsson, 1997, bls. 35). Bréf frá vesturförunum voru birt í blöðum landsins og áhuginn á að fara vestur um haf var orðin mikill meðal margra landsmanna.

Árið 1873 fór fyrsti stóri hópurinn frá Íslandi. Þeir sem voru í forsvari fyrir hópnun lýstu því yfir í fundargerð að ástæður fararinnar væru harðindi og það óréttlæti sem dönsk stjórnvöld sýndu í garð Íslendinga en þeir gerðu skýlausa kröfu um að íslenska þjóðin fengi þau réttindi sem henni bæri (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 136). Ferð stóra hópsins 1873 markaði tímamót í vesturfara sögu Íslendinga fyrir nokkrar sakir. Í fyrsta lagi var ferðin skipulögð og auglýst af fyrsta íslenska vesturfaraumboðsmanninum í samstarfi við skipafélagið Allan Line. Í öðru lagi stóð fólki það til boða að selja bústofn sinn sem fluttur var með vesturförunum til Skotlands. Í þriðja lagi fór stærsti hluti vesturfaranna til Kanada og í fjórða lagi var komið fordæmi fyrir því að sameina gripasölu og farþegaflutninga frá Íslandi til Bretlands. Þar með opnuðust nýir möguleikar sem auðveldaði fólki að fjármagna flutning til Vesturheims með sölu á bústofni sínum. Íslendingar höfðu einnig myndað tengsl við skipafélag sem sérhæfði sig í vesturferðum og fyrsta stóra landnámið í Kanada var orðið að veruleika. Einnig var komið samband við erlenda gripakaupendur sem áttu eftir að sjá um að koma stærstum hluta íslenskra vesturfara til Bretlands hvaðan var farið til Norður-Ameríku.

Árið 1874 fór stærri hópur frá landinu beint til Kanada í samstarfi við þarland yfirvöld. Ekki fóru margir til Vesturheims árið 1875 og var það einkum fyrir skrif forvígismanns Íslendinga í Kanada sem birt voru í blaðinu *Norðanfara* í apríl sama ár. Það hann fólk á Íslandi að huga ekki að vesturför strax þar sem litla atvinnu væri að hafa vegna efnahagsþrenginga og enn ríkti óvissa um hvar stofnað yrði til nýlendu (Sigtryggur Jónasson, 1875). Miklar vangaveltur og þref voru meðal Íslendinga í Bandaríkjunum og Kanada um hvar væri hagstæðast að stofna nýlendu í álfunni. Helst voru til umræðu fylkin Wisconsin, Nebraska og Alaska í Bandaríkjunum og Nova Scotia og Ontario í Kanada. Að lokum fengu Íslendingar stórt landsvæði undir nýlendu við strendur Manitobavatns í Kanada árið 1875 sem fékk nafnið Nýja Ísland.

Eldgosið í Öskju 1875 hafði mikil áhrif á Íslandi, þá einkum á Austurlandi og í kjölfarið fluttu tæplega 1200 manns af landi brott árið 1876, þar af langflestir til Nýja Íslands. Upp frá því fóru um áttatíu prósent allra íslenskra vesturfara til Kanada (Eyford, 2016, bls. 7). Á áttunda áratugnum fóru í heildina um 2900 Íslendingar til Norður-Ameríku.

Flestir landsmenn fóru á níunda áratug níjtjándu aldar til Vesturheims eða 6324 talsins. Á þessum tíma auglýstu yfirvöld í Kanada mikið og umboðsmenn hennar á Íslandi voru atkvæða miklir í sölu á ferðum þangað (Gunnar Karlsson, 2009, bls. 23a). Veðurskilyrði voru óhagstæð á níunda áratugnum, mikill kuldi ásamt því að hafís var landlægur (Helgi Skúli Kjartansson, 1980, bls. 61). Búskapur var erfiður og mikill sauðfjárfellir á árunum 1881-1883 sem fækkaði sauðfé á landinu um þriðjung. Kom það sér illa fyrir þjóðarþúið þar sem útflutningur á sauðfjárafurðum var helsta tekjulind bænda (Gunnar Karlsson, 2009, bls. 31-40).

Þó fækkun hafi orðið í sauðfjárstofninum jókst útflutningur á sauðfé samhliða þeim sem fluttust til Vesturheims, en rúmlega sextíupúsund fjár voru seld frá landinu á níundaáratugnum en einungis tæplega fimmhundrað á þeim áttunda. Einnig voru seld rúmlega fimmtánhundrað fleiri hross árin 1881-1890 en áratuginn þar á undan. Á tíunda áratugnum voru seld hross rúmlega 4500 og sauðfé tæp 79.000 (Hagskinna, 1997, bls. 541-542). Erfitt reyndist að fá farþegaskip til landsins og var því oftast farið með gripaflutningaskipi til Bretlands og þaðan með farþegaskipi til Kanada. Mikið af íslensku vesturförum voru fátækar bændafjölskyldur sem áttu bústofn sem seldur var til að fjármagna ferðalagið vestur um haf (Gunnar Karlsson, 2009, bls. 23b). Líklega má því rekja aukningu á útflutningi sauðfjár frá Íslandi að einhverju leiti, til fjölgunar vesturfara.

Fiskveiðar fóru að skipa veigameiri sess í atvinnusköpun landsins á tíunda áratugnum og voru erlendir togarar mikið að veiða við strendur landsins. Útlendingar fjárfestu talsvert í fiskiðnaði og varð þéttbýlismyndun örari þar sem það vantaði meiri mannafla í sjávarbyggðirnar til að sinna fiskvinnslu og sjómennsku. Til að mynda á Seyðisfirði, þar sem útlendingar fjárfestu og byggðu fiskvinnsluhús, fór íbúafjöldi kaupstaðarins úr 600 íbúum árið 1895 upp í 1200 íbúa undir lok aldarinnar (Ólöf Garðarsdóttir, 1998, bls. 160). Vesturförum fækkaði umtalsvert á tíunda áratugnum frá því sem áður hafði verið, voru 1879 talsins.

Í upphafi tuttugustu aldar varð talsverð aukning á fjölda vesturfara en á árunum 1900-1904 fóru samtals 2286 frá landinu. Stór áfangi náðist í sjálfstæðisbaráttunni þegar Ísland fékk heimastjórn árið 1904 og þingræði komst á (Stjórnarráð Íslands, e.d.). Í kjölfarið varð mikill uppgangur í efnahagslífi landsins. Íslendingar fjárfestu mikið í sjávarútvegi og var

fyrsti gufuknúni togarinn sem var alfarið í eigu Íslendinga keyptur til landsins árið 1905. Togurum í eigu Íslendinga hélt áfram að fjölga og í byrjun árs 1912 voru þeir tíu en undir lok ársins voru þeir orðnir tuttugu (Gunnar Karlsson, 2009, bls. 93). Aukinni togaræign fylgdi uppbygging í sjávarútvegi, hafnaraðstaða varð betri og fiskvinnsluhús voru byggð víða. Hagvöxtur jókst umtalsvert með auknum fjárfestingum í sjávarútvegi og frá því að Íslendingar fengu heimastjórn varð meðalhagvöxtur 2,5% á árunum 1904-1914, en var 1,2% á árunum 1873-1903 (Gunnar Karlsson, 2009, bls. 98-99). Samhliða auknum hagvexti jukust atvinnutækifæri landsmanna sem gátu nú sest að í sjávarbyggðum þar sem næga atvinnu var að hafa og áhugi á vesturferðum fór dvínandi. Einungis 922 Íslendingar fóru vestur um haf á síðustu tíu árum vesturfaraskiðsins sem leið undir lok með byrjun fyrri heimsstyrjaldarinnar árið 1914.



## 4 Fyrstu vesturfarnir

Upphaf eiginlegra vesturferða Íslendinga átti sér nokkuð langan aðdraganda. Einungis fóru tuttugu og fimm Íslendingar vestur um haf frá því að þeir fyrstu fóru árið 1855 og til ársins 1870 sem er það ár sem almennt er miðað við sem upphaf vesturferða Íslendinga.

### 4.1 Íslenskir mormónar í Utah

Upphaf vesturferða má rekja til þess að árið 1850 héldu tveir ungir Vestmannaeyingar, þeir Þórarinn Hafliðson og Guðmundur Guðmundsson, til Kaupmannahafnar í iðnám. Þar tóku þeir upp mormónska trú og voru í kjölfarið sendir til Íslands sem trúboðar. Kynntu þeir flutning til Utah-fylkis í Bandaríkjunum þar sem mormónar, með Brigham Young í fararbroddi, höfðu sest að árið 1847 og stofnað mormónska nýlendu. Trúboðið stunduðu þeir einkum í Vestmannaeyjum og á Suðurlandi. Varð þeim ekki mikið ágengt en náðu þó að snúa nokkrum til trúarinnar (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 5-8). Leiddi þetta til þess að vesturferðir Íslendinga hófust sumarið 1855 þegar fyrstu vesturfarnir lögðu af stað frá Íslandi til Utah.

Þeir sem riðu á vaðið og settust að í Utah voru Samúel Bjarnason og Margrét Gísladóttir ásamt vinkonu þeirra Helgu Jónsdóttir (Siguróli Magni Sigurðsson, 2013, bls. 27). Við komuna til Utah vorið 1856 var þeim úthlutað landi í bænum Spanish Fork. Forkólfi nýlendunnar, Brigham Young, þótti það hentugt því á því svæði voru margir Danir fyrir. Þar sem þjóðirnar voru svo nátengdar áleit hann svo að þjóðarbrotin myndu lifa í sátt og samlyndi. Gerðust þau bændur og var grunnurinn lagður að fyrstu Íslendinganýlendunni í Norður-Ameríku. Tveir aðrir Íslendingar komu til Utah seinna sama ár, þeir Þórður Diðriksson og trúboðinn Guðmundur Guðmundsson. Eftir skamma dvöl í Salt Lake City við vinnu, settist Þórður að í Spanish Fork og giftist Helgu Jónsdóttir þeirri sem fyrr er nefnd og hafði dvalið í Salt Lake City eftir komuna til fylkisins (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 9-11). Árið 1860 stöðvuðust flutningar Íslendinga til fylkisins og höfðu þá samtals sextán Íslendingar sest þar að. Flutningar Íslendinga til Utah hófust aftur árið 1871. (Guðjón Arngrímsson, 1997, bls. 59).

Fyrstu Íslendingarnir í Utah glímdu við erfiðleika líkt og allflestir vesturfarnar þurftu að takast á við í byrjun. Gert var grín af þeim fyrir klæðaburð og hversu fast þeir héldu í íslenskar hefðir (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 17-18). Um árið 1872 fóru fyrstu

Íslendingarnir í Utah í trúboðsferð til heimalandsins og komst þá aftur hreyfing á flutninga frá Íslandi til Utah (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 23). Alltaf voru nokkrir sem fluttu þangað ár hvert og voru alls um 370 Íslendingar sem fóru til Utah, flestir af trúarlegum ástæðum (Björn G. Björnsson, 1995).

Íslendingar sem fluttu til Utah urðu fyrir talsverðum fordómum fyrir að hafa skipt um trú frá fólki á Íslandi sem og öðrum íslenskum vesturförum en m.a. var gerður aðsúgur að íslenskum mormónum sem komu til Winnipeg 1879 til að boða trú sína (Siguróli Magni Sigurðsson, 2013, bls. 35). Árið 1886 fóru lútherstrúaðir Íslendingar að flytja til Utah og í kjölfarið fór sambandið á milli íslenskra mormóna og annarra Íslendinga batnandi (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 20).

Íslendingarnir í Spanish Fork stofnuðu ýmis félög og reyndu að halda í íslenskar hefðir eins og þeir gátu. Má þar nefna verslunar og iðnaðarfélag Íslendinga í Spanish Fork, íslenskt lestrarfélag, þjóðminningarfélagið og byggð var lútersk kirkja sem bæði íslenskir mormónar og lútherstrúarmenn sóttu. Einnig var byggt samkomuhús þar sem boðið var upp á skemmtanir á íslensku en því var lokað árið 1911. Loks var fyrsti Íslendingadagurinn í Spanish Fork haldinn árið 1897 (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 57-58) og er hann enn þann dag í dag haldinn hátíðlegur.

Trúarlegar ástæður voru kveikjan af fyrstu vesturferðum Íslendinga. Vissulega má þó velta því fyrir sér hvort þeir sem tóku upp mormóska trú á Íslandi hafi verið að megninu til fátækt fólki, sem átt ekki mikla möguleika á að bæta hag sinn hérlendis. Fyrstu trúboðarnir kynntu ekki bara trúna heldur einnig flutning til Utah-fylkis, svo hugsanlegt er að einhverjir hafi tekið upp trúna sérstaklega til þess að flytjast af landi brott og halda á vit ævintýrana í þeirri von um að bæta hag sinn og öðlast aukið frelsi. Eflaust þurftu fyrstu íslensku mormónarnir að glíma við umtalsverða erfiðleika þar sem þeir urðu fyrir miklum fordómum frá löndum sínum. Hvort þeir hafi upplifað sig sem utangátta Íslendinga vegna trúar sinnar er erfitt að fullyrða, en líklegt er að það hafi reynst þeim mikil áskorun og erfitt hefur verið að vita til þess að samlandarnir vildu lítið með þá hafa.

## 4.2 Brasilíufarar

Þrátt fyrir að ferðir íslenskra mormóna til Utah hafi byrjað um 1855 þá varð það ekki fyrr en veturinn 1858-1859 sem fór að bera á miklum áhuga almennings að flytja sig vestur um haf. Áhuginn vaknaði fyrst í Þingeyjarsveitum árið 1859 sökum þess hversu harður veturinn hafði

verið. Víða þurftu bændur að skera niður búfénað vegna heyskorts og hversu seint var hægt hleypa búfénaði út (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1940, bls. 73-74). Fyrstu hugmyndirnar voru að flytjast til Grænlands og endurvekja þar hina gömlu íslensku nýlendu frá miðöldum, en á fundi á Einarstöðum í Reykjadal árið 1859 kveikti Einar Ásmundsson bóndi áhuga fólks á að flytjast frekar til Brasilú. Í framhaldi var Einar kjörinn leiðtogi þeirra Þingeyinga sem hugðust flytjast burt frá Íslandi.

Í kjölfar fundar snemma árs 1860 samdi Einar Ásmundsson umburðarbréf sem gekk manna á milli í Eyjafirði og Þingeyjarsýslu þar sem fólki var boðið að gerast meðlimir í félagi sem átti að undirbúa þá sem vildu, undir flutning til Brasilú. Seinna var félaginu gefið nafnið *Hið Brasilíska Útflutningsfélag*. Um 200 manns skráðu sig strax í félagið gegn gjaldi sem átti að standa undir kostnaði við undirbúning og skipulagningu flutninganna (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 72). Blaðið *Norðri* á Akureyri birti umburðarbréfið í febrúar 1860 og fór þar ófögurum orðum um Einar og varaði fólk við því að leggja fé í félagið og að yfirgefa Ísland (Norðri, 1860). Einar sendi svar við athugasemdum *Norðra* í næsta tölublaði þar sem hann fór yfir helstu ástæður þess að fólk væri að hugsa sér til hreyfings frá Íslandi. Þar taldi hann upp áhrif fjárkláða sem hafði hrjáð bændur, harðindi og hamfarir. Gagnrýndi hann einnig stjórnvöld og sagði landið vera komið á barm glötunar sökum óréttlætis stjórnvalda í garðs fólksins í landinu og að vilji þjóðarinnar væri virtur að vettugi (Einar Ásmundsson, 1860). Einar mætti talsverðri mótspyrnu frá embættismönnum og var sakaður um svik gegn ættjörðinni og danska konungsríkinu (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 74). Þrátt fyrir tilraunir embættismanna til þess að kasta rýrð á Einar Ásmundsson hélt hann áfram störfum fyrir félagið.

Þann 11. júlí 1863 lögðu fjórir menn af stað frá Akureyri áleiðis til Brasilú á vegum útflutningsfélagsins. Tilgangur ferðarinnar var að kanna landsvæði í suðurhluta Brasilú fyrir íslenska nýlendu. Sendimennirnir voru Jónas Hallgrímsson, Jónas Friðfinnsson, Jón Einarsson og sonur hans Jón Jónsson, allir úr Bárðardal. Jónas Hallgrímsson var í forsvari fyrir hópnum og hafði hann yfirumsjón með því að finna heppilegt landsvæði fyrir nýlendu ásamt því að skrifa og senda skýrslur heim til félagsins um álit þeirra og árangur. Fyrr sama ár hafði ungur Mývetningur, Kristján Ísfeld, farið frá Kaupmannahöfn til Rio de Janeiro eftir að hafa flutt frá Íslandi vorið 1861. Kristján settist að í Rio de Janeiro og varð þar með fyrsti Íslendingurinn til þess að setjast að í Brasilú.

Komu fjórmennirnir til hafnarbæjarins Joinville í Dona Francisca fylki í Brasilú 26. október eftir að hafa dvalið í Kaupmannahöfn og Hamborg. Upphaflega stóð til að fara til

syðsta fylkis Brasilíu, Rio Grande do Sul. Fylkið var fyrsti kostur útflutningsfélagsins fyrir nýlendu þar sem það þótti hentugt fyrir sauðfjárrækt. Þannig væri hægt að halda í sömu búnaðarhætti og á Íslandi sem var mikilvægt að mati félagsins. Einnig var fylkið valið vegna rannsókna útflutningsfélagsins sem voru að stærstum hluta byggðar á þýsku fræðsluefni um flutning fjölmargra Þjóðverja til Rio Grande do Sul. Byggja átti nýlenduna upp að þýskri fyrirmynd og fóru margir á Íslandi að læra þýsku til þess að undirbúa sig fyrir komuna þangað (Eyrún Eyþórsdóttir og Kristín Loftsdóttir, 2014, bls. 39).

Ákváðu þeir að fara til Joinville í stað Rio Grande do Sul vegna ráðlegginga sem þeir fengu í Kaupmannahöfn og Hamborg. Þar dvöldu þeir í innflytjendahúsi fyrst um sinn, en fengu vinnu fljótlega í sögunarmyllu. Mikið var af Skandínöfum og Þjóðverjum í Joinville og hefur það eflaust auðveldað þeim að aðlagast nýja landinu. Líkaði þeim vel og gátu hugsað sér að setjast þar að en svæðið þótti ekki hentugt til sauðfjárræktar. Jónas Hallgrímsson og Jónas Friðfinnsson ákváðu þó að kanna San Lourenco nýlenduna í Grande do Sul líkt og upphaflega stóð til. Snéru þeir til baka nokkrum dögum seinna eftir að þeir komust að því að Grande do Sul væri fullbyggt, en var ráðlagt kanna bæinn Curitiba í fylkinu Parána þar sem loftslag væri svalara og svæðið mun hentugra fyrir sauðfjárrækt. Skömmu seinna keyptu fjórmeningarnir sér landskika í Joinville sem lágu hvor að öðrum og hófu að ryðja skóg og yrkja landið. Árið 1865 voru þeir allir búnir að fjárfesta frekar, stækka jarðir sínar og byggja sér húsaskjól. Sendu þeir fjölda bréfa til vina og fjölskyldna á Íslandi þar sem sem þeir lýstu reynslu sinni í Brasilíu og voru mörg bréfanna birt í blöðum á Íslandi (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 79-82).

Þrátt fyrir að hafa mælt gegn því í bréfunum að Íslendingar myndu fara til Brasilíu strax þar sem ekki hafði fundist hentugur staður fyrir nýlendu, voru þó um 150 manns sem höfðu ákveðið undir lok árs 1864 að fara þangað á komandi vori. Margir byrjuðu að undirbúa sig til fararinnar, seldu jarðir, búfénað og búslóðir, en þegar kom til þess þá tókst útflutningsfélaginu ekki að útvega skip til fararinnar og lentu því margir í miklum vandræðum því þeir höfðu selt allt sitt. Í kjölfarið fór Einar Ásmundsson að snúa sér í auknum mæli að innanlandsmálum og minnkaði afskipti sín af útflutningsfélaginu. Einn fjórmeninganna, Jón Einarsson, lést í maí 1866 vegna veikinda og í kjölfarið seldu hinir þrír jarðir sínar. Sonur hans, Jón réði sig til vegavinnu og settist að lokum að í strandbænum Marottes. Jón gekk í hjónaband og var í litlum samskiptum við Íslendinga eftir það. Þeir Jónas Hallgrímsson og Jónas Friðfinnsson settust að í Curitiba og fóru að vinna við smíðar (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 82-84).

Ekki hafði gengið sem skildi að finna hentugan stað fyrir nýlendu né að útvega skip til flutninganna. Árið 1871 bauð Brasilústjórn frítt far fyrir Íslendinga til Brasilíu og um eitthundraðfimmtíu og fimm manns þáðu boðið. Eins og áður, fékkst ekki skip til flutninganna og var það ekki fyrir en árið 1873 sem fleiri Íslendingar sigldu áleiðis til Brasilíu. Þrátt fyrir að það hafi verið tæplega sexhundrað sem skráðu til ferðarinnar í þetta skiptið, voru einungis þrjátíu og tveir sem komust til Brasilíu (Eyrún Eyþórsdóttir og Kristín Loftsdóttir, 2014, bls. 40). Ekki var sent skip til Íslands heldur ferðaðist fólkið í þremur hópum til Kaupmannahafnar þar sem þeir sameinuðust.

Í Kaupmannahöfn kom það í ljós að ræðismaður Brasilíu gat einungis útvegað áttatíu farmiða til Brasilíu. Vegna ótta við viðbrögðum fólksins sem skráði sig til fararinnar, ákvað hann því að senda ekki skip til Íslands. Mikil reiði braust út á Íslandi eftir að enn og aftur mistókst að fá til landsins skip til flutninganna og sat margt fólk eftir með sárt ennið eftir að hafa selt bújarðir og eigur sínar. Í kjölfar óánægjunnar sagði Jakob Hálfðánarson sig frá formennsku útflutningsfélagsins og lagðist starfsemi *Hins Brasilíska Útflutningsfélags* niður árið 1876 (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 86-96). Eftir skamma dvöl í Kaupmannahöfn hélt hópurinn til Cuxhaven í Þýskalandi þar sem farið var um borð í farþegaflutningaskip sem sigldi til Brasilíu. Á meðan beðið var eftir að sjóferðin hæfist, veiktust margir vegna mengaðs neysluvatns um borð. Mikil töf varð vegna veikindanna og lést fjöldi farþega, þeirra á meðal fjórir Íslendingar. Eftir nokkurra mánaða ferðalag frá Íslandi var hópurinn loks kominn til Curtiba þann 8. janúar 1874. Eftir tólf daga dvöl á vegum brasilísku innflytjendastjórnarinnar fengu Íslendingarnir úthlutað litlum leigujörðum. Áttu þeir erfitt í fyrstu með að yrkja landið vegna kunnáttuleysis og lítið varð úr þeim áformum að halda í svipaða búnaðarhætti og á Íslandi en atvinnuástand var þó almennt gott (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 93-97).

Talsverð óánægja var meðal sumra Íslendinganna hvernig koma þeirra til landsins var undirbúin og vegna þess varð sundrung á meðal þeirra. Dæmi voru um að fjölskyldur einangruðu sig frá hópnum og ekki var myndaður skipulegur félagsskapur þótt sumir hafi komið saman til að skemmta sér (Eyrún Eyþórsdóttir og Kristín Loftsdóttir, 2014, bls. 44). Rúmum hundrað og tuttugu árum eftir komu hópsins til Brasilíu var *Íslensk-brasilíska félagið* stofnað af afkomendum Íslendinganna í Brasilíu. Markmið félagsins er að varðveita arfleifð og menningu innflytjendanna og styrkja tengsl við Ísland. Vegna starfa félagsins var árið 2000, torg í Curtiba borg nefnt Íslandstorg til minningar um íslensku Brasilíufarana (Eyrún Eyþórsdóttir, 2012, bls. 6).

Mikill áhugi var á áformum útflutningsfélagsins sem líklega má rekja til erfiðra aðstæðna á Íslandi og hversu mikla umfjöllun útflutningsfélagið fékk í blöðum landsins. Bréf frá fyrstu Brasilíuförunum, sem innihéldu m.a. lýsingar á veðurfari og gróðursæld, voru einnig birt í blöðum og fengu mikla lesningu. Í vosbúð og kulda heimalandsins hafa áreiðanlega margir horft hýru auga til Brasilíu eftir að hafa fengið upplýsingar frá útflutningsfélaginu og lesið bréf fyrstu Brasilíufaranna. Þrátt fyrir að sameina áhugasama vesturfara undir einum hatti, í hinu brasilíska útflutningsfélagi, þar sem aðgerðir og áætlanir um flutning voru skipulagðar, voru afar fáir sem komust til Brasilíu. Aðal ástæðan var skortur á samgöngum frá Íslandi og erfiðleikar við að útvega skip til flutninga. Hugsanlegt er að Brasilía hefði orðið aðal áfangastaður íslenskra vesturfara ef tilraunir brasilíska útflutningsfélagsins hefðu heppnast. Margir lentu í erfiðleikum eftir að hafa selt eigur sínar vegna ferða sem ekki voru farnar. Forsvarsmenn útflutningsfélagsins fengu slæma útreið af hálfu embættismanna fyrir að hvetja til brottflutnings, en svöruðu því með því að benda á að tilurð félagsins væri vegna harðinda ásamt óréttlæti og ófrelsi sem meginþorri landsmanna byggi við. Brasilíuáformin eru mikilvægur hluti af vesturfarasögu Íslendinga þar sem þau opnuðu á almenna umfjöllun um brottflutning frá landinu.

### 4.3 Eiginlegar vesturferðir hefjast

Oftast er miðað við að eiginlegar vesturferðir Íslendinga hafi ekki hafist fyrr en 1870 þegar fjórir ungir Sunnlendingar settust að í Wisconsin í Bandaríkjunum. Áhugi Íslendinga á vesturferðum hafði fram að því nær eingöngu beinst að Brasilíu. Það breyttist þó þegar bréf fóru að berast til Íslands frá fjórmeningunum í Wisconsin.

Talið er að bréf sem Daninn William Wickmann skrifaði fyrrverandi vinnuveitanda sínum, Guðmundi Thorgrimsen á Eyrabakka, hafi verið kveikjan að vesturferðum þessara Íslendinga. Wickmann hafði unnið hjá Guðmundi í tíu ár og í bréfum sínum dásamaði hann landkosti við strendur Michiganvatns í Wisconsin fylki (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 111).

Ungu mennirnir fjórir voru Jón Gíslason, Guðmundur Guðmundsson, Árni Guðmundsson og Jón Einarsson sem allir voru með tengingu við Eyrabakka (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 112). Ferð frá Íslandi til Wisconsin kostaði í það minnsta 130 ríkisdali á mann sem voru miklir fjármunir. Þess má geta að meðalárslaun íslenskra karla á

Þessum tíma voru 27 ríkisdalir (Eyford, 2003, bls. 39) og því líklegt að þeir hafi verið vel stæðir eða komið úr efnuðum fjölskyldum.

Á meðan fjórmeningarnir biðu í Reykjavík eftir að póstskipið *Diana* legði af stað til Kaupmannahafnar var hart sótt að þeim af fólki sem var mótfallið vesturferðum. Þrátt fyrir að það þætti eðlilegt og jafnvel virðingarvert að flytja til nálægra landa, t.d. til þess að fara í nám, voru samt sem áður miklir fordómar gagnvart því að flytja vestur um haf. Voru allskyns ástæður taldar upp til þess að letja þá frá því að fara vestur líkt og að þeir yrðu étnir af mannætum, gerðir að þrælum og að Bandaríkjaforseti læsi yfir öll bréf sem send væru þaðan (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 113). Ekki létu fjórmeningarnir hræðsluáróðurinn á sig fá og lagði póstskipið *Diana* af stað til Kaupmannahafnar 12. maí 1870 með fjórmeningana innanborðs. Eftir stutta bið í Kaupmannahöfn og Englandi komu fjórmeningarnir til Quebec borgar í Kanada þann 19. júní, þaðan sem þeir tóku lest til Milwaukee borgar í Wisconsin fylki í Bandaríkjunum (Eyford, 2003, bls. 40). Dvöldu þeir um sumarið í Milwaukee þar sem þeir unnu allir við fiskveiðar nema Jón Gíslason. Fóru þeir allir til Washington-eyju við norðvesturenda Michiganvatns um haustið og settust þar að. Jón Gíslason keypti land í samfloti við Danann Wickmann þar sem þeir byggðu íbúðarhús ásamt bryggju og nokkrum byggingum. Guðmundur og Árni keyptu sér báðir land og stunduðu búskap. Guðmundur seldi sinn landskika þó skömmu seinna og snéri sér að fiskveiðum. Jón Einarsson vann að mestu við fiskveiðar (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 116-117). Skrifuðu fjórmeningarnir til vina og fjölskyldna sinna á Íslandi og bárust bréfin víða og voru m.a. birt í fréttablöðum. Ekki fóru fleiri Íslendingar til Ameríku sama ár.

## 5 Vesturferðir árin 1871 og 1872

Árið 1871 fóru sex Íslendingar til Washington-eyjar. Þetta voru þau Einar Bjarnason kaupmaður úr Reykjavík ásamt tveimur elstu börnum sínum og Jóhannes Magnússon, eiginkona hans Guðný og þriggja ára dóttir þeirra. Jóhannes var fátækur bóndi frá Suðurlandi og kunni ekki stakt orð í ensku og töldu Íslendingarnir sem voru þar fyrir að hann hefði varla verið hæfur til að koma vestur yfir haf. Fengu Jóhannes og fjölskylda þó hjálp frá löndum sínum sem komu þeim í vinnu og húsnæði (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1935, bls. 45-47). Í bréfi sem birt í *Norðanfara* þann 13. júlí 1872 er lýsing á högum Jóhannesar og fjölskyldu við komuna og hvernig þeim farnaðist fyrstu mánuðina á Washington-eyju. Þar segir m.a. að Jóhannes hafi átt erfitt með að höggva sér tré í eldivið en fjórmeningarnir hafi kennt honum handtökin. Þau hafi verið hjá fjórmeningunum fram á vetur en fengu svo að búa hjá ekkli fyrir litla leigu. Þar sá Jóhannes um sáningu sem og starfaði við skógarhögg. Einnig er minnst á að Jóhannes hafi verið óvanur því að borða þann mat sem honum stóð til boða eins og beikon, baunir, hveitibrauð, pönnukökur, síróp, kartöflur, nóg af mjólk og allt að 12-14 kaffibollum á dag. Ýjaði bréfritarinn að því að þetta væri fátækramanna fæði og borðuðu hinir Íslendingarnir aðeins „Jóhannesarfæðið“ eins og þeir kölluðu það, í hallæri. Eflaust var þetta skrifað til þess að lýsa því hversu gott og ódýrt fæðið í Bandaríkjunum væri, en enn fremur segir í bréfinu um Washington-eyju:

Þetta pláss er annars eitt hið bezta fyrir fátæka að koma til, því þeir geta haft nóg úr vatninu og jörðinni til að lifa á. Aftur er það eitt hið lakasta fyrir mann, sem hefir næga peninga og getur farið þangað, sem jörðin gefur af sér ríkulegri ávöxt. Eg voga að segja, að það er enginn sá letingi og slóði til á Íslandi, sem eg þekki, hvað mörg börn sem hann á, að hann geti ekki lifað hér sældarlífi, því þó maðurinn engu nenti, sem enginn er svo aumur, þá getur konan með elztu börnunum, sáð fyrir framan húskofann, nægu til að lifa af, en mannum ætla eg að taka fiskinn úr vatninu til að eta, því það er nægð af fiski við landsteinanna, sem góður er að borða (Norðanfari, 1872, bls. 73).

Áhugi á vesturferðum var orðinn talsverður, einkum norðanlands, þótt þar hafi mestmegnis verið rætt um að fara til Brasilíu. Allt frá árinu 1865 var byrjað að birta þýddar erlendar greinar í *Norðanfara* um vesturferðir Þjóðverja og annarra Evrópubúa (Norðanfari, 1865) til Bandaríkjanna. Árið 1871 var einnig byrjað að birta norskar fræðslugreinar (Norðanfari, 1871) með hagnýtum upplýsingum fyrir þá sem voru að hugsa um flutninga til Bandaríkjanna. Með birtingu bréfsins á högum Jóhannesar og fjölskyldu og aðstæðum á Washington-eyju var komið fordæmi um fátæka íslenska fjölskyldu sem yfirgaf landið í þeirri



von um að bæta hag sinn. Líklegt er að áhugi á vesturferðum hafi aukist þar sem því var lýst að jafnvel þeir allra fátækustu gætu lifað sem sínir eigin herrar og skapað sér gott líf í Wisconsin. Voru nú fleiri en Sunnlendingar farnir að beina áhuga sínum annað en til Brasilíu og Norður-Ameríka orðin fýsilegur kostur.

Árið 1872 fóru 22 Íslendingar til Norður-Ameríku. Flestir voru frá Suðurlandi með tengingu við Eyrarbakka, en einnig fóru nokkrir Norðlendingar sem hafði ekki gerst áður. Allir fóru til Bandaríkjanna nema Sigtryggur Jónasson sem fór einn síns liðs til Kanada. Sigtryggur varð því fyrsti Íslendingurinn til þess að setjast að þar. Einnig fékk fyrsti Íslendingurinn umboð fyrir flutningum til Kanada á Íslandi í lok árs 1872. Reyndist það hafa mikil áhrif á vesturferðir því það var upphafið á skipulegum hópflutningum til Kanada og upplýsingar um vesturferðir fóru að birtast frá skipafélögum og kanadíska innflytjendaráðinu.

Guðmundur Thorgrimsen, kaupmaður á Eyrarbakka, var mikill talsmaður vesturferða og var hann sennilega sá áhrifamesti á Íslandi þegar það kom að því að hvetja til flutninga til Bandaríkjanna á þessum tíma. Guðmundur hafði skrifast á við tengdabróður sinn Þorlák Jónsson bónda á Stórutjörnum í Þingeyjarsýslu um vesturferðir til Bandaríkjanna (Eyford, 2003, bls. 42). Þorlákur taldi son sinn Pál Þorláksson ofan af því að fara til Danmerkur í nám en fara frekar til Bandaríkjanna. Páll fór ásamt Haraldi bróður sínum, konu hans Maríu Sigurðardóttur og Árna Bjarna Sveinbjörnssyni til Eyrarbakka frá Stórutjörnum þar sem þau sameinuðust þrettán öðrum sem ætluðu einnig að flytja til Wisconsin í Bandaríkjunum. Þau sem fyrir voru á Eyrarbakka voru öll frá Suðurlandi og margir með tengsl við Eyrarbakka (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 121-122).

Allflestir úr hópnum fóru til Washington-eyju þó margir hafi yfirgefið eyjuna skömmu síðar. Þótti mörgum það of erfitt að hefja þar búskap, m.a. vegna þess hversu þéttur skógurinn var og hversu mikillar vinnu það krefðist að ryðja hann. Bræðurnir Páll og Haraldur, María Sigurðardóttir og Jakob Pálson settust hinsvegar strax að í Milwaukee-borg. Dvöldu þau fyrst um sinn hjá dönskum manni sem Páll hafði kynnst á Eyrarbakka þegar sá danski var þar kaupmaður. Fljótlega leigðu þau fjögur ásamt Jóni Einarssyni og Árna Guðmundssyni sem komu árið 1870, hús í Milwaukee og hófu þar félagsbú sem Páll var í forsvari fyrir (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 125).

Þrír Norðlendingar, Eyfirðingurinn Jóhannes Arngrímsson og Bárðdælirnir Jónas Jónsson og Jón Halldórsson fóru einnig til Bandaríkjanna árið 1872. Ætluðu þeir að fara til Washington-eyju líkt og Íslendingarnir árin á undan. Tók ferðalagið um tvo mánuði og komu þeir til Milwaukee þann 25. júlí. Er þangað var komið, breyttist áætlun þeirra eftir að hafa

talað við danska ræðismanninn sem ráðlagði þeim að fara ekki til Washington-eyju þar sem Íslendingunum sem þar voru fyrir hefði enn ekki auðnast að auðgast. Flökkuðu þeir milli staða í og við nágrenni Milwaukee-borgar fyrst um sinn þar sem þeir unnu m.a. í sögunarmyllu, verksmiðjum og á bóndabýlum. Lýstu þeir í bréfum sem birt voru í *Norðanfara*, ýmsu sem þeir upplifðu fyrstu mánuðina (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1935, bls. 54). Í september gengu þeir í félagsbúið í Milwaukee sem var það fyrsta í Norður Ameríku á meðal Íslendinga. Jóhannes Arngrímsson og Páll Þorláksson ásamt fleirum skrifuðu fjölmörg bréf til Íslands sem innhéldu ýmsan fróðleik um vesturferðir, við hverju mætti búast, hvað ætti að varast og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar fyrir tilvonandi vesturfara. Fjölmörg af bréfunum þeirra voru birt í *Norðanfara* og skrifaði Jóhannes þetta um félagsbúið:

Nú höfum vjer Íslendingar, sem hjer erum á staðnum, leigt okkur hús, og er Páll stúdent Þorláksson forstöðumaður fjelagsins... María Sigurðardóttir er bústýran, og hefur 4 dollara um vikuna í kaup; hver af okkur fjelagsmönnum, utan bústýran, leggur til fjelagsins á hverjum laugardegi 3 dollara, og hrekkur það vel til alls, sem þarf til hússins og húsaleigunnar, sem er yfir mánuðinn 5 dollarar, og þar af borgast líka til bústýrunnar, og þó höfum við betra fæði til jafnaðar en nokkur embættismaður út á Íslandi, af þeim sem ég þekki; af þessu getur þú séð, að ekki er eins dýrt að lifa hjer, eins og sagt hefur verið á Íslandi (*Norðanfari*, 1873, bls. 12).

Í einu af bréfum Páls talar hann um mikilvægi þess að Íslendingar stofni nýlendu í Norður-Ameríku. Tók hann Norðmenn sem dæmi hversu miklu væri hægt að áorka og mun líklegra væri að löndum sínum myndi farnast vel ef þeir hefðu nýlendu (Páll Þorláksson, 1873).

Sigtryggur Jónasson fór ekki til Wisconsin líkt og hinir Íslendingarnir, eins og áður hefur komið fram. Hann fór einn síns liðs til Kanada og varð þar með fyrsti Íslendingurinn til þess að flytja þangað (Brydon, 1999, bls. 4). Sigtryggur var frá Bakka í Öxnadal, en hafði búið á Möðruvöllum í Hörgárdal hjá amtmanni Norðlendinga. Þar hafði hann stundað nám þar sem hann lærði m.a. ensku og varð síðar skrifari amtmanns. Vistin á Möðruvöllum nýttist Sigtryggi vel seinna á lífsleiðinni því í störfum sínum hjá amtmanni fékk hann innsýn í líf embættismanna, lærði á lög og reglur og kynntist skrifstofustörfum (Guðjón Arngrímsson, 1997, bls. 182-183).

Sigtryggur kom til Quebec í Kanada þann 12. september og flakkaði fyrst um sinn um suðurhluta Ontario og vann ýmis störf, s.s. við lagningu járnbrautarteina og í sögunarmyllu. Um vorið 1873 stofnaði hann fyrirtæki með öðrum manni þar sem þeir hjuggu þvertré undir járnbrautarteina. Efnaðist hann nokkuð og um haustið sama ár hafði hann unnið sér inn 1100 dollara. Vann Sigtryggur við sömu iðju þangað til vorið 1874 þegar hann fór að hitta aðra

Íslendinga sem sest höfðu að norðar í Ontario (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 132).

Sigtryggur átti eftir að verða einn mesti áhrifamaður í samfélagi Vestur-Íslendinga í Kanada og gegndi seinna embættisstörfum fyrir Kanadastjórn og Manitoba-fylki.

## 6 Undirbúningur og upphaf fjöldaflutninga frá Íslandi til Vesturheims

### 6.1 Skipulagning fyrstu fjöldaflutninga

Í lok ársins 1872 komst mikil hreyfing á málefni þeirra sem hugðu á vesturferðir þegar kaupmaðurinn Guðmundur Lambertsen fékk umboð frá skipafélaginu Allan Line (Helgi Skúli Kjartansson og Steinþór Heiðarsson, 2003, bls. 33). Í auglýsingu *Vesturheimsflutningsfélagsins* sem birtist í *Norðanfara* (Guðmundur Lambertsen, 1873), tilkynnti Lambertsen að með nægri þátttöku væri hægt að komast til Norður-Ameríku á mun hagkvæmara verði en áður hafi þekkt. Þó svo að Brasilústjórn hafi boðist til þess að greiða far vesturfara til Brasilíu, mælti Lambertsen með því að fara frekar til Norður-Ameríku þar sem lífið væri auðveldara. Fram til þessa höfðu ekki verið skipulegir farþegaflutningar frá Íslandi á vegum erlends skipafélags og myndaðist því mikill áhugi á flutningum til Norður-Ameríku.

Þorlákur Jónson bóndi á Stórutjörnum í Þingeyjarsveit, faðir þeirra Páls og Haraldar sem fyrr fóru til Wisconsin, var mikill talsmaður vesturferða og skrifaðist mikið á við Guðmund Thorgrimsen á Eyrarbakka og syni sína. Í kjölfar auglýsingar Lambertsen var stofnað til fundar í Þingeyjarsýslu þann 24. janúar 1873. Á fundinum var rætt um hugsanlega vesturför og stofnun félags í kringum útflutninginn og var Þorlákur kosinn formaður. Í lok fundargerðarinnar segir:

...aðal-hvötin til hinna framan umræddu fólksflutninga héðan af landi til Vesturheims sé sú: að auk hafísa, eldgosa, vetrarríkis og þar af leiðandi harðinda nú til margra ára, þá hefir Danastjórn að undan fögnu synjað Íslendingum þeirra lands- og þjóðar-réttinda, sem þeir eru bornir til, bæði eftir náttúrulegum og sögulegum rétti. Fundurinn bindur það enn fremur fastmælum, að hverfa eigi slakar til, og lætur Ísland verða aðnjótandi allra þeirra stjórnarlagalegu réttinda, sem því bera... (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 136).

Í kjölfar fundarins í Þingeyjarsýslu var boðað til fundar á Akureyri þar sem Þingeyingar og Eyfirðingar fjölluðu um innlenda verslun, væntanlegar stjórnarumbætur á Íslandi, Vesturheimsfarir og mögulega búfjárölu samhliða flutningum frá Íslandi til Bretlandseyja. Þrír menn voru kosnir til þess að fara um landið og vinna í málefnum vesturfara sem hugðu á ferð á komandi sumri. Voru það Þorlákur Jónsson og bræðurnir Eggert og Tryggvi Gunnarssynir. Þorlákur og Eggert fóru hringinn í kringum landið til að kynna vesturförina og

búfjársöluna (Páll Magnússon og Eyrikur Halldórsson, 1873). Tryggvi fór hinsvegar með póstkípi ásamt Guðmundi Lambertsen frá Reykjavík til Skotlands til að semja við Allan Line um flutning íslenskra vesturfara. Tryggva var einnig ætlað að semja um sölu búfjár og fá skip til þeirra flutninga frá Íslandi til Skotlands.

Lögðu þremmingarnir af stað í byrjun mars frá Akureyri. Á leiðinni funduðu þeir á nokkrum stöðum og komu loks til Reykjavíkur þann 19. mars. Tryggvi fór þá með Lambersten til Skotlands en Þorlákur og Eggert héldu fundarherferðinni áfram um landið og henni linnti ekki fyrr en 9. maí (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 142). Náðust samningar við Allan Line um flutning frá Bretlandseyjum til Norður-Ameríku en ekki frá Íslandi til Bretlandseyja. Tryggva gekk erfiðlega að útvega kaupendur á búfé, en náði loks samningi við skoskan hestakaupmann um kaup á tvöhundruð hestum og tvöþúsund sauðfjár. Bauð hann þó lægra verð en vonast hafði verið til eða 7-10 ríkisdali fyrir hverja kind og 36-40 ríkisdali fyrir hvern hest. Áætlað var að skipið myndi koma til Akureyrar um miðjan júlí og átti að vera pláss fyrir tvöhundruð manns. Með því að nýta gripaskipið undir farþegaflutninga til Skotlands var hægt að lækka fargjaldið til Quebec-borgar eða St. Johns úr 96 niður í 84 ríkisdali (Páll Magnússon og Jón Ólafsson, 1873).

Þeir tvöhundruð sem höfðu skrifað sig til ferðarinnar fóru að undirbúa brottför, seldu að mestu eigur sínar og fóru til Akureyrar þar sem beðið var skipsins (Eyford, 2003, bls. 60). Ekki kom skipið á tilsettum tíma og voru eflaust margir sem hugsuðu hvort örlög þeirra yrðu þau sömu og ætlaðra Brasilíufara, sem höfðu beðið eftir skipum sem aldrei komu. Eftir þó nokkurn tíma kom gufuskipið *Queen* loksins í byrjun ágúst með þá Guðmund Lambersten og Tryggva Gunnarsson innanborðs.

## 6.2 Fjöldaflutningar hefjast

Mikill glundroði myndaðist þegar skipið *Queen* loks kom til Akureyrar því flýta þurfti uppskipun. Það sem meira var, ekki var pláss fyrir fleiri en eitthundrað og tuttugu manns ásamt þeim hrossum sem hrossakaupmaðurinn hafði keypt. Skiljanlega var mikil óánægja meðal þeirra tvöhundruð sem höfðu skráð sig til fararinnar, en á endanum tókst þó að koma fyrir eitthundrað fimmtíu og þrem manns í skipinu á meðan hinir þurftu frá að hverfa. Nokkrir gáfu sjálfviljugir eftir plássið sitt því aðstæðurnar um borð voru alls ekki góðar. Einn af þeim var Páll Magnússon bóndi á Kjarna í Eyjafirði sem kominn var um borð með allan sinn farangur og fjölskyldu en hætti við þar sem honum þótti aðstæður um borð ekki mönnum

bjóðandi (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 157-159). Skipið lagði af stað frá Akureyri þann 4. ágúst og fór Guðmundur Lambertsen með fólkinu til Skotlands. Ferðin gekk ágætlega þótt aðstæður um borð hafi alls ekki verið góðar og flestir hafi verið mikið sjóveikir. Kom hópurinn til Granton í Skotlandi 9. ágúst þar sem umboðsmenn frá Allan Line tóku á móti hópnunum. Farið var til Glasgow þar sem farið var um borð í skip Allan Line, og eftir stutt stopp í Liverpool í Englandi var loks komið til Quebec-borgar í Kanada þann 25. ágúst.

Á meðan hópurinn var í Skotlandi átti Lambertsen fund með umboðsmanni Ontariostjórnar sem lofaði fjármunum fyrir hvern þann sem hann myndi ná að sannfæra um að setjast að í Kanada. Yrði þeim Íslendingum sem færu til Ontario útveguð vinna og greitt yrði fyrir fargjaldið frá Quebec til Ontario. Líklegast er að hópurinn hafi ætlað að fara til Wisconsin líkt og flestir Íslendingar höfðu gert til þessa. Páll Þorláksson var búinn að útvega eitthundrað og fimmtíu manns atvinnu hjá bændum í Wisconsin. Guðmundur Lambertsen náði hinsvegar að snúa stórum hluta hópsins til þess að setjast frekar að í Kanada (Eyford, 2003, bls. 67-68).

Úr þessum hópi voru alls eitthundrað og fimmtán sem ákváðu að fara til Muskoka-héraðs í Ontario og var þeim heitið að til að byrja með fengju þeir verkamannavinnu. Eins og áður segir hafði Páll Þorláksson útvegað öllum í hópnunum vist í Wisconsin. Skrifaði hann bréf til norska Kirkjufélagsins í Bandaríkjunum þar sem hann bað um vist fyrir hópinn hjá norskum bændum þangað til Íslendingarnir væru orðnir nógu kunnugir staðháttum til þess að stofna sína eigin nýlendu (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 190). Páll fór til Quebec til þess að taka á móti hópnunum og komst þá að því að einungis um rúmlega fjórtíu manns hefðu nú áhuga á að fara til Wisconsin. Allur hópurinn fór með lest til Toronto og kom þangað 27. ágúst. Í Toronto skildust leiðir þegar Wisconsinfarar hófu ferðalagið frá Toronto og þeir sem ætluðu að fara til Muskoka urðu eftir í innflytjendaskemmu þar sem dvalið var í tvo daga (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 192-193).

Hópurinn sem fylgdi Páli lagði af stað frá Toronto samdægurs og var kominn til Michigan fylkis í Bandaríkjunum morguninn 28. ágúst. Skiptu þau þar um lest og héldu af stað til Milwaukee, en á leiðinni urðu þau fyrir óhappi þegar önnur lest skall aftan á kyrrstæða lestina sem Íslendingarnir voru í. Nokkrir létust í slysinu þó enginn Íslendinganna, en sjö þeirra slösuðust og þurftu að fá aðhlyningu í nálægum bæ. Þegar til Milwaukee var komið fór Páll með stóran hluta hópsins til þeirra bænda sem lofað höfðu Íslendingunum vist (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 193-198). Ekki líkaði öllum vistin hjá norsku

bændunum og fóru að kalla eftir því að Páll færi að undirbúa íslenska nýlendu þar sem þeir gætu orðið sjálfstæðir bændur.

### 6.3 Fyrsta nýlendan í Kanada

Hópurinn sem varð eftir í Toronto lagði af stað til bæjarins Rosseau í Muskoka héraði að morgni 29. ágúst og komu þangað daginn eftir. Farið var með hópurinn í innflytjendahúsið þar sem hópurinn fékk mat og húsaskjól í þrjá daga, eftir það átti fólkið að sjá um sig sjálft. Fékkst þó leyfi fyrir því að þeir sem ekki gætu orðið sér út um húsnæði strax gætu gist þar svo lengi sem þyrfti (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 199-200). Fljótlega eftir komuna til Rosseau fóru nokkrir úr hópnum að skoða land í nokkurri fjarlægð frá bænum þar sem Íslendingarnir áttu að geta hafið búsetu. Þótti þeim landið ekki fýsilegt og skoðuðu því næst landsvæði nær Rosseau. Leist þeim ágætlega á það og samþykktu að setjast þar að svo lengi sem lagður yrði vegur frá Rosseau til svæðisins sem hét Cardwell. Samþykkti stjórnin að leggja þangað veg sem átti einnig að skapa Íslendingunum atvinnu. Margir festu sér land og voru bjartsýnir á að hægt yrði að mynda þar íslenska nýlendu. Þrátt fyrir loforð um annað var litla sem enga atvinnu að fá og voru það einungis tvær fjölskyldur sem höfðu efni á að kaupa land sem hafði verið rutt að hluta og íbúðarhús. Keyptu þau búfénað og hófu búskap strax. Voru það hjónin Baldvin Helgason og Sofía Jósafatsdóttir og sex börn þeirra ásamt hjónunum Davíð Davíðssyni og Önnu Jónsdóttir og fjórum börnum þeirra. Voru þau fyrstu Íslendingarnir til þess að kaupa sér land í Kanada. Urðu heimili þeirra einskonar félagsmiðstöð íslenska hópsins í Rosseau og varð Baldvin einn helsti máttarstólpi hópsins, sá m.a. um jarðarfarir og skírnir ásamt því að halda húslestra á heimili sínu. Einnig byggðu tveir einhleypir menn sér lítinn kofa til þess að búa í og voru þeir fyrstu Íslendingarnir í Kanada til þess (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 201-203).

Fljótlega eftir komuna til Rosseau fór hópurinn að leysast upp þar sem ekki var atvinna í boði á svæðinu eins og lofað hafði og neyddust margir til að leita annað. Allt að tuttugu manns fóru til Bandaríkjanna nokkrum mánuðum eftir komuna til Rosseau, flestir til Milwaukee. Aðrir úr hópnum dreifðu sér á nálæga bæi við Huron vatn þar sem líklegra var að fá vinnu. Talsverður fjöldi fór til Toronto þá einkum ungar konur sem fóru að vinna sem vinnukonur hjá efnuðum Kanadabúum. Svo mikið dreifðist úr hópnum að ekki voru nema þrír eftir í innflytjendaskemmuni í Rosseau í lok árs 1873 (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 201-206). Margir ákváðu þó að vera áfram í Ontario þar sem vitað var að annar stór hópur átti

að koma frá Íslandi um sumarið 1874 og setjast að í fylkinu. Vonuðust margir til þess að með komu hópsins væri hægt að mynda nýja íslenska nýlendu á betra landsvæði í Ontario.

Cardwell, fyrsta íslenska nýlendan í Kanada varð aldrei mjög fjölmenn, en þó voru nokkrir sem festu þar rætur. Nýlendan varð fyrsti áfangastaður margra er á seinni árum komu til Kanada frá Íslandi. Fjöldi Íslendingar komu þangað og stoppuðu stutt við, einkum til þess að vinna sér inn peninga til þess að geta haldið för sinni áfram lengra vestur í landið. Þó voru nokkrar fjölskyldur sem settust þar að. Á níunda áratug 19. aldar fékk nýlendan loks íslenskt nafn. Var þar stofnað pósthús og sendi þá Ásgeir Baldvinsson sem bjó á nýlendunni beiðni um að póstafréttir fengi nafnið Hekla. Eitthvað misfórst skráning embættismanna á nafninu því í opinberum skjölum fékk staðurinn nafnið Hekkla. Reynt var í mörg ár að fá nafninu breytt í Hekla en bar það engan árangur. Í Hekklu býr enn í dag fólk af íslenskum ættum og eru margar grafir í kirkjugarðinum þar íslenskar. Í garðinum er einnig minningarskjöldur um fyrstu íslensku nýlenduna ásamt því að skilti er á veginum til Hekklu þar sem segir að hún sé fyrsta íslenska nýlendan í Kanada.

## 6.4 Aðrir sem fóru vestur árið 1873

Ekki var það einungis fyrsti stóri hópurinn sem fór frá Íslandi 1873. Í það minnsta fóru níutíu og sjö Íslendingar til viðbótar til Norður-Ameríku það ár (Eyford, 2003, bls. 48). Um vorið fóru m.a. um tuttugu Austfirðingar til Bandaríkjanna og talið er að flestir úr hópnum hafi farið til Milwaukee, en fljótlega hafi hópurinn dreifst um Wisconsinfylki. Í hópnum var meðal annarra, Gunnlaugur Pétursson frá Hákonarstöðum í Jökuldal. Varð hann fyrsti Íslendingurinn til þess að setjast að og byggja sér hús í Minnesotafylki (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 149-150). Í Minnesota mynduðust tvær Íslendinganýlendur er voru kallaðar Eystri og Vestri byggð. Urðu nýlendurnar farsælar en ekki stórar þar sem Íslendingar voru seinir til að setjast þar að. Einnig bjuggu nokkuð margir Íslendingar í bænum Minneota sem var mitt á milli Eystri og Vestri byggða. Flestir þeirra Íslendinga sem fluttu til Minnesota komu frá Wisconsin eða seinna meir beint frá Íslandi (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1935, bls. 72-73).

Til Milwaukee kom annar lítill hópur Íslendinga þann 4. júní, þar á meðal bræðurnir Torfi og Lárus Bjarnasynir. Torfi kom til Bandaríkjanna í þeim hugleiðingum að finna hentugan stað fyrir íslenska nýlendu. Fljótlega eftir komuna til Milwaukee fóru bræðurnir til vesturhluta Nebraska-fylkis þar sem hægt var að fá ókeypis bújarðir. Eftir að hafa kannað landsvæðin komust þeir að niðurstöðu um að ekki yrði fýsilegt að mynda þar nýlendu sökum



hversu einangrað svæðið væri. Torfi ákvað í framhaldi að kaupa sér jörð í nálægð við höfuðstað Nebraska, Lincoln. Þar byrjaði hann búskap og varð þar með fyrsti Íslendingurinn sem settist þar að. Torfi afréð að halda aftur til Íslands um haustið, en Lárus varð hins vegar eftir í Nebraska og settist þar alfarið að. Torfi stoppaði í Milwaukee á leið sinni til Íslands og þar voru margir af Íslendingunum áhugasamir um heyra hvað hann hafði að segja um Nebraska. Mælti hann ekki með því að flytja á afskekktu staði en sagði þó að hægt væri að finna góða bújarðir. Margir Íslendingar gerðu tilraunir með að setjast að í Nebraska í kjölfarið en aðeins örfáir settust þar að. Torfi snéri ekki aftur til Norður-Ameríku en settist alfarið að á Íslandi (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1935, bls. 58–60).

Einn af þeim sem fluttu sama ár til Bandaríkjanna var ritstjórinn, alþingismaðurinn og skáldið Jón Ólafsson. Jón var mikill sjálfstæðisbaráttumaður og orti mörg ljóð með vísan í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og það ófrelsi sem margir landsmenn bjuggu við. Ágætis dæmi um þann eldmóð sem hann sýndi í sumum ljóða sinna er ljóðið *Íslendinga Hvöt* sem hann skrifaði árið 1871 og birti í *Göngu-Hrólf* í maí 1873 (Jón Ólafsson, 1873, bls. 81-82):

Hvað á landið‘ lengi að stynja  
 Leiðri Dana þrælkun í?  
 :|Þruma og elding þarf að dynja,  
 Þjóð svo verði‘ úr ánaud frí!|:  
 Hvað á að þola þetta lengi,  
 Þý að kúgi frjálsan lýð?  
 Víst er mál fyrir vaska drengi  
 veglegt byrja frelsis-stríð.  
 Víst er mál fyrir vaska drengi  
 :|veglegt|: byrja frelsis-stríð.

Móðurfold í kúgun kalda  
 með köldu blóði megum sjá;  
 :| þræla henni í þrældóm halda  
 þolgóðir vér horfum á. |:  
 Fram í dapran dauða sjáum  
 dregna voru göfgi þjóð.  
 Það er meira‘, en þolað fáum,  
 þó það gildi líf og blóð.  
 Það er meira‘, en þorað fáum  
 :|þó það|: gildi líf og blóð!

Jón kom til Bandaríkjanna sumarið 1873 og eins og margir sem á undan komu settist hann að í Milwaukee (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 151). Hugsanlega hafði Jón ekki ætlað sér að yfirgefa Ísland, en hann beinlínis flúði land þar sem hann átti yfir höfði sér fangelsisdóm og greiðslu stórrar sektar (Gunnar Karlsson, 2009, bls. 26). Ástæðan var greinin

*Landshöfðingja-Hneikslíð í Göngu-Hrólfí þann 29. maí 1873 þar sem hann fór hörðum orðum um landshöfðingjann Hilmar Finsen sem olli miklu fjaðrafoki (Jón Ólafsson, 1873).*

## 6.5 Alaskaævintýri og draumur um nýlendu

Jóni var mikið í mun að Íslendingar myndu stofna íslenska nýlendu í Ameríku og eftir samtal við lögfræðing frá New York sem mælti með Alaska, lét Jón undirskriftarlista ganga á meðal Íslendinga í Milwaukee um hvort áhugi væri á Alaska sem nýlendu. Reyndist áhuginn talsverður og um sumarið 1874 fór Jón á fund Bandaríkjaforseta í Washington þar sem forsetinn gaf leyfi fyrir könnunarleiðangri til Alaska. Einnig fékkst herskip með áhöfn til leiðangursins. Var haldin kosning meðal Íslendinga í Milwaukee um hverjir færu með Jóni til Alaska og hlutu Ólafur Ólafsson og Páll Björnsson kosningu. Lögðu þremmingarnir af stað þann 30. ágúst 1874 og komu til San Fransico þar sem herskipið beið þeirra þann 10. september. Ferðin til Alaska tók 24 daga og við tók þriggja vikna könnunarleiðangur. Voru þrjú staðir skoðaðir með landnám í huga og voru það Kodiak-eyja, Aleutian-eyjar og Cook-fjörður. Þegar þeir voru búnir að afla sér þeirra gagna sem þeir þurftu fór Jón til baka með herskipinu en þeir Ólafur og Páll urðu eftir í St. Paul á Kodiak eyju og dvöldu þar fram á næsta sumar. Jón fór til New York þar sem hann skrifaði yfirgrípsmikið rit um Alaska sem átti að kynna fyrir Bandaríkjastjórn (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 238-243). Ritið sem var kostað og gefið út af Bandaríkjastjórn var í tveimur hlutum. Í fyrri hlutanum var farið yfir helstu landsgæði og m.a. var lýst náttúru svæðanna, veðurfari, náttúruauðlindum, gróðri og einnig voru skrautlegar lýsingar á þeim innfæddu sem þar bjuggu. Seinni hlutinn var um stofnun íslenskrar nýlendu þar sem Jón fór um víðan völl og hélt uppi vörnum fyrir vesturfara ásamt því að gagnrýna harkalega þá Íslendinga sem báru vesturfara þungum sökum. Einnig ræddi hann um framtíð Alaskanýlendunnar sem hann taldi afar bjarta:

Ef Íslendingar næmu nú land í Alaska—segjum 10 þúsundir á 15 árum, og fjöldi þeirra tvöfaldaðist þar t.d. á hverjum 25 árum, sem vel mætti verða og ugglaut yrði í svo hagfeldu landi, þá væru þeir eftir 3 til 4 aldir orðnir 100 miljónir, og mundu þá þekja allt meginlandið frá Hudson-flóa til Kyrra-Hafs. Þeir gætu geymt tungu sína, aukið hana og auðgað af hennar eigin óþrjótandi rótum, og, hver veit, ef til vill sem erfingjar ins mikla lands fyrir sunnan sig, smátt og smátt útbreitt hana með sér yfir þessa álfu, og endrfætt ina afskræmdu ensku tungu (Jón Ólafsson, 1875, bls. 41).

Jón fór til Washington til þess að kynna yfirvöldum skýrsluna og hugsanlegar áætlanir Íslendinga um flutning til Alaska. Lítil áhugi var á skýrslunni í Washington sem komst ekki á dagskrá þingsins. Snemma árs 1875 gáfu Íslendingar endanlega upp vonina um að fá Alaska

sem nýlendu og Jón Ólafsson snéri aftur til Íslands (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 246-247). Hann snéri aftur til Norður-Ameríku þar sem hann bjó árin 1890-1897. Fyrstu fjögur árin bjó hann í Winnipeg þar sem hann ritstýrði nokkrum blöðum og átti í miklum ritdeilum við aðra Vestur-Íslendinga. Seinni þremur árunum eyddi hann í Chicago þar sem hann vann sem ritstjóri og á bókasafni. Eftir dvölinna í Norður-Ameríku settist Jón alfarið að á Íslandi þar sem hann lét mikið að sér kveða í innanlandsmálum, bæði sem Alþingismaður og ritstjóri (Alþingi, 2016).

Helgi Skúli Kjartansson (1980) fer stuttlega yfir helstu ástæður vesturferða í *Emigrant fares and emigration from Iceland to North America, 1874-1893*. Ein af ástæðunum sem hann nefnir er óánægja með stjórnarfar á Íslandi. Þó telur Helgi að ekki hafi verið margir sem beinlínis fóru vestur um haf vegna þessa. Vill hann meina að meira hafi verið gert úr óánægjunni, líkt og með stjórnarskrána sem tekin var í notkun árið 1874. Þeir sem skrifað hafi um vesturferðir Íslendinga hafi ofmetið pólitísku óánægjuna og sett hana fram sem einhverskonar réttlætingu eða friðþægingu fyrir hönd þeirra sem fluttu vestur. Samkvæmt öðrum heimildum eins og fram hefur komið, virðist hins vegar óánægja með stjórnarfar hafa vegið þungt að mati fyrstu vesturfaranna líkt og hjá *Hinu Brasilíska Útflutningsfélagi* þar sem óréttlæti og ófrelsi var nefnt sem ein af aðal ástæðum væntanlegs brottflutnings. Það sama gildir um hópinn sem fór árið 1873 til Norður-Ameríku sem Páll Þorláksson var í forsvari fyrir. Þar var því lýst yfir í fundargerð að ein af aðalhvötunum væri óánægja með hversu seint það gengi að Ísland og Íslendingar öðluðust þau réttindi sem þeim bæri, og losnuðu undan oki Dana.

## 7 Kinmount-farar og Nýja Ísland verður til

Áhugi Íslendinga á flutningi til Vesturheims fór stigvaxandi. Árið 1872 fóru 22 landsmenn en 323 ári síðar. Fjölgunin hélt áfram árið 1874 og voru vesturfarar samtals 391 það árið (Vesturfarasetrið á Hofsósi, e.d.).

### 7.1 Ákjósanlegir Íslendingar

Í kjölfar hóps, sem fór til Rosseau í Ontario árið 1873, lögðu stjórnvöld meiri áherslu á að sannfæra Íslendinga um að koma til landsins og setjast þar að. Kanadísk stjórnvöld höfðu lengi horft á eftir tugþúsundum innflytjenda sem einungis komu til landsins á leið sinni til Bandaríkjanna. Ánægja var með hvernig tekist hefði til að fá Íslendinga til setjast að í Kanada frekar en í Bandaríkjunum. Í kjölfarið var Lambertsen boðið að gerast umboðsmaður kanadískra stjórnvalda og átti hann að fá greitt 2 dollara fyrir hvern fullorðinn einstakling sem settist þar að (Eyford, 2003, bls. 69).

Kanada varð sjálfstætt ríki árið 1867 og náði þá frá austurströndinni og rétt vestur yfir Vötnin miklu. Árið 1870 keyptu kanadísk stjórnvöld landsvæðið vestan við Vötnin miklu að landamærum Bresku Kólumbíu. Var það gert í þeirri viðleitni að koma í veg fyrir að það landsvæðið yrði sameinað Bandaríkjunum þaðan sem samgöngur voru góðar og einnig til að stýra því hvernig landnámi yrði háttað. Árið 1871 gekk Breska Kólumbía inn í kanadíska ríkjasambandið þegar kanadísk stjórnvöld tilkynntu að þau hygðust leggja járnbraut þvert yfir landið og tengja þannig austur og vesturströndina saman (Helgi Skúli Kjartansson og Steinþór Hreinsson, 2003, bls. 31).

Kanadísk stjórnvöld leituðu því markvisst leiða til þess að fá fólk til að setjast þar að og Íslendingar þóttu ákjósanlegir innflytjendur (Eyford, 2003, bls. 71-73). Ekki síst vegna þess að þeir voru taldir afbragðs bændur og sjómenn, þyldu vetrakuldana vel þar sem þeir kæmu frá köldu landi og ættu þar af leiðandi auðvelt með að aðlagast nýju lífi og veðráttu í Kanada. Einnig var horft til reynslu Bandaríkjanna af norskum innflytjendunum sem hafði vegnað vel. Vegna skyldleika Íslendinga og Norðmanna var álitnið að þeim fyrrnefndu myndi líklega einnig farnast vel (Eyford, 2016, bls. 35-36).

Álit kanadískra stjórnvalda á Íslendingum má m.a. rekja til fulltrúa breska konungsveldisins í Kanada, Lord Dufferin. Ferðaðist hann til Íslands á sjötta áratug 19. aldar og skrifaði bókina *Letters from High Latitudes* um það ferðalag. Hann var spurður álitis á

hugmyndum þeirra sem mótuðu innflytjendastefnu Kanada og um hugsanlega möguleika á því að sannfæra Íslendinga um að flytja þangað. Dufferin gaf Íslendingum sín bestu meðmæli og taldi þá líklega til að verða fyrirmyndarborgarar. Hafði hann því talsverð áhrif á að beina íslenskum vesturförum frá Bandaríkjunum til Kanada sem aðaláfangastaðar (Eyford, 2010, bls. 37-38). Ekki voru það einungis hagnýt atriði sem ráðamenn í Kanada horfðu til heldur féllu Íslendingar vel inn í hugmyndafræði þeirra um kynþáttahyggju. Samkvæmt ráðandi kynþáttakenningum þess tíma í Evrópu voru Íslendingar flokkaðir með hinum ráðandi og yfirburða norðlæga kynþætti sem væri best til þess fallinn að byggja landið. Einnig þóttu þeir tiltölulega líkir Bretum á margan hátt og gátu því haldið áfram uppbyggingu á forsendum engilsaxnesku yfirstéttarinnar (Eyford, 2016, bls. 11).

## 7.2 Tengsl við Kanadastjórn mynduð

Páll Magnússon frá Kjarna í Eyjafirði var einn af þeim sem ætlaði að fara með stóra hópnum 1873 en hætti við sökum slæmra aðstæðna í skipinu. Einnig var hann ósáttur með hvernig Guðmundur Lambertsen hafði brugðist við ástandinu sem skapaðist þegar ljóst var að ekki myndi vera pláss fyrir alla sem höfðu skráð sig til ferðarinnar. Í kjölfarið fékk hann umboð fyrir fólksflutninga hjá *Norsk-Ameríska gufuskipafélaginu* í Osló og auglýsti ferð beint frá Íslandi til New York, þaðan yrði hægt að fara með lest hvert sem væri. Fargjaldið átti að vera 66 ríkisdalir, en jafnframt ákveðið að lágmarks farþegafjöldi yrði að nást, eitt til tvö hundruð manns er greiða skyldu 10 ríkisdala staðfestingargjald (Eyford, 2003, bls. 69-70). Á sama tíma var Guðmundur Lambertsen, sem starfaði nú sem umboðsmaður fyrir Kanadastjórn að auglýsa ferð þangað. Kom þar fram að þeir sem myndu setjast að í landinu fengu gefins jörð ásamt því að flutningur frá komuhöfn til ætlaðs áfangastaðar yrði gjaldfrjál. Ólíkt Páli, sem auglýsti ferðina beina leið frá Íslandi til Bandaríkjanna, hélt Lambertsen sig við sama fyrirkomulag og fyrr (Guðmundur Lambertsen, 1874), farið yrði til Bretlands með hrossaflutningaskipi og þaðan með Allan Line til Kanada.

Yfirmaður kanadíska innflytjendaráðsins hafði samband við Pál Magnússon og *Norsk-Ameríska skipafélagið* þegar hann fregnaði að fyrirhuguð væri ferð frá Íslandi til Bandaríkjanna. Tókst honum að sannfæra báða aðila að sigla frekar til Kanada og einnig bauðst hann til þess að greiða 9 ríkisdali af fargjaldi sérhvers þeirra sem ákvæðu að setjast þar að. Páll auglýsti að skipið *St. Olaf* væri væntanlegt til Akureyrar og Sauðárkróks um miðjan júlí 1874, en á sama tíma varð ekkert úr áformum Guðmundar Lambertsen um flutninga

(Eyford, 2003, bls. 72-73). Nærri fjögurhundruð manns hófu undirbúning að brottför, seldu bústofna, megnið af eignum sínum og ferðuðust til ætlaðra brottfarastaða þar sem bíða átti eftir skipinu (Gislason, 1999, bls. 5). Þann 20. júní barst Páli bréf frá Norsk-Ameríska skipafélaginu þess efnis að skilmálum ferðarinnar hefði verið breytt og skipið legði ekki af stað fyrir en greiðsla uppá 15.000 ríkisdali hefði borist. Reyndi Páll hvað hann gat til þess að fá skipið til landsins, en félagið vildi ekki falla frá kröfunni um fyrirframgreiðslu. Ljóst var að ógjörningur yrði að safna saman nægu fé á tilsettum tíma og því hætti skipafélagið við ferðina. Um mánuði eftir að *St. Olaf* átti að koma til hafnar sendi Páll frá sér yfirlýsingu í blaðið *Norðanfara*. Þar fór hann yfir atburðarrásina (Páll Magnússon, 1874) og fullvissaði þá sem biðu fararinnar að aðilar á hans vegum væru að vinna í að leysa málið. Bað hann fólk um að halda ró sinni því skip til flutninganna myndi koma í seinasta lagi 25. ágúst.

Í Halifax biðu Sigtryggur Jónasson og Jóhannes Ásgrímsson eftir komu hópsins og höfðu enga vitneskju um þær tafir sem höfðu orðið. Sigtryggur hafði komið til Kanada tveimur árum áður og verið ráðinn af fylkisstjórninni í Ontario sem túlkur og leiðsögumaður hópsins og átti að fylgja honum til Ontario. Jóhannes, sem flutti einnig út árið 1872 til Wisconsin, hafði hins vegar verið beðinn skrifleiðis af Páli Magnússyni að fylgja þeim sem hugðust fara til Milwaukee þar sem útséð var að Páll kæmist ekki í ferðina líkt og hann ætlaði sér, vegna berklaveikinda (Eyford, 2003, bls. 103-104).

Þegar ljóst var að samstarfsaðilar Páls Magnússonar gætu ekki útvegað skip til fararinnar var það undir Guðmundi Lambertsen komið að útvega skip. Hafði hann farið til Bretlands nokkru áður til þess að vera til taks ef allt annað þryti. Lambertsen fór á fund Allan Line og freistaði þess að fá skipafélagið til þess að senda skip til Íslands og sigla með hópinn vestur um haf. Eftir mikið stapp samþykkti félagið þessa málaleitan eftir að hafa fengið greiðslu frá innflytjendaráði Kanada og Ontario fylki. Þar á ofan sóttu þeir þá fjármuni til Norsk-Ameríska skipafélagsins, sem hópurninn hafði þegar greitt þangað. Yfirvöld og innflytjendaráð í Kanada sáu sér hag í að niðurgreiða fargjaldið fyrir hópinn þar sem mikið var í húfi. Íslenskir vesturfarar gætu ákveðið að fara frekar til Bandaríkjanna ef þessi ferð yrði ekki að veruleika. Ekki voru greiðslurnar þó án kvaða þar sem sett voru skilyrði fyrir því að hópurninn allur myndi setjast að í Ontario (Eyford, 2003, bls. 75-76). Skipið *St. Patrick* var sent til Íslands og kom til hafnar á Akureyri 4. september, nærri tveimur mánuðum seinna en upphaflega stóð til. Kom það í ljós að hópurninn hafði tvístrast þar sem margir gáfust upp á biðinni og héldu aftur í heimahagana. Flokkur manna var sendur var af stað til að láta þá vita sem höfðu skráð sig til farar að skip væri loks komið. Gekk það hratt og vel fyrir sig, en sumir

hættu þó alfarið við og héldu sig heima. *St. Patrick* kom til hafnar á Sauðárkróki 8. september frá Akureyri og lagði loks úr höfn 10. september áleiðis til Kanada (Gislason, 1999, bls. 5-6). Alls voru 351 Íslendingar um borð og gengust allir við þeim skilmálum að setjast að í Ontario fylki.

### 7.3 Hörmungar í Kinmount og aðdragandinn að Nýja Íslandi

Eftir að hafa fengið vitneskju um breytta ferðatilhögun, fór Sigtryggur Jónasson frá Halifax til Quebec borgar, þar sem hann tók á móti löndum sínum þegar *St. Patrick* lagði að bryggju þann 23. september. Á leiðinni vestur sýktust margir af iðrakveisu og smituðu áfram eftir komuna til Kanada. Eftir tveggja daga lestarferð var hópnun komið fyrir í innflytjendaskemmu í Toronto, höfuðborg Ontario fylkis þar sem dvelja átti þangað til ákveðið væri hvert hópurinn yrði sendur (Gislason, 1999, bls. 8-9). Upphaflega stóð til að dreifa fólkinu á sveitabæi í fylkinu til að vinna um uppskerutímamann. Hugmyndin var að fólkið gæti þannig öðlast dýrmæta reynslu og innsýn í kanadíska landbúnaðarhætti sem myndu nýtast vel þegar að því kæmi að yrkja sínar eigin jarðir. Vegna tafa á ferðinni varð ekkert úr þeim áformum þar sem langt var liðið á september (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 281).

Skömmu eftir að hópurinn kom til Toronto fór Sigtryggur á fund *Victoria Railway Company* sem vantaði vinnuafli við lagningu lestarteina. Á meðan ágerðust veikindin í innflytjendaskemmuni og eftir skamma dvöl þar, létust tvö ung systkini úr iðrakveisunni (Gislason, 1999, bls. 9). Sigtryggur náði samningum um vinnu og tilkynnti í samstarfi við innflytjendaráð Ontario yrði hópurinn fluttur til smábæjarins Kinmount þar sem vinna átti við lagningu lestarteina. Ungar einhleypar konur áttu hins vegar að starfa sem húshjálpar í bænum Lindsey og í Toronto hjá vel stæðum borgurum. Nokkrir karlmenn voru sendir strax til Kinmount til að hjálpa til við byggingu húsa fyrir hópin og lagt yrði af stað þegar húsin væru tilbúin (Gislason, 1999, bls. 11).

Jóhannes Ásgrímsson kom til Toronto og hitti Íslendingana til að reyna að sannfæra þá um að koma með sér til austurstrandarinnar og setjast þar að. Jóhannes hafði verið ráðinn sem umboðsmaður fyrir Nova Scotia fylki á meðan hann beið eftir hópnun í Halifax og var einnig í Quebec þegar *St. Patrick* lagði að bryggju. Þar reyndi hann að ná tali af fólki, en fulltrúar Ontario-stjórnar meinuðu honum aðgengi að hópnun því vitað var Nova Scotia vildi fá hluta

hópsins til fylkisins. Jóhannesi varð því ekkert ágengt í Toronto þar sem búið var að ákveða að þessir einstaklingar myndu halda til Kinmount (Eyford, 2003, bls. 104).

Er byggingu húsanna var lokið var ákveðið að skipta hópnum í tvennt sem myndu fara á staðinn sitt í hvoru lagi. Fyrri hópurinn fór 9. október og sá seinni þremur dögum síðar. Ferðast var með lest frá Toronto og svo þurfti fólkið að ganga um tuttugu og þrjú kílómetra frá bænum Coboconk til Kinmount. Margir voru örmagna þegar áfangastað var náð vegna veikinda, kulda og erfiðra aðstæðna og dóu tvö börn á leiðinni. Húsin fjögur sem biðu Íslendinganna voru vart til þess gerð að hýsa svo margt fólk. Þau voru lítil, köld og illa loftræst. Strax við komuna var byrjað að vinna við lagningu brautarteina og var kaupíð einn dollari og tólf sent fyrir dagsverk. Fljótlega kom það í ljós að ekki var um næga atvinnu að ræða og nýtti vinnuveitandinn sér það og lækkaði kaupíð niður í níutíu sent fyrir daginn. Kom það sér mjög illa þar sem margir voru búnir með allt sitt fjármagn og áttu í erfiðleikum með að fæða sig og sína. Margir urðu því að treysta á mataraðstoð frá ríkinu og var sá kostnaður dreginn af launum þeirra sem höfðu vinnu (Gislason, 1999, bls. 14). Gerð var tilraun til þess að hópurinn í heild sinni verslaði og borðaði saman, líkt og Íslendingarnir í Milwaukee höfðu gert með góðum árangri, það gekk illa og var fljótlega hætt (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 287).

Afleiðingar og alvarleiki veikindanna var orðin augljós því þremur vikum eftir komuna til Kinmount og höfðu sextán börn og unglings stúlka látið lífið og jarðafarir voru nánast daglegt brauð. Fjölmargir voru veikir og litlar líkur á að hægt væri að vinna bug á ástandinu þar sem vistarverurnar voru slæmar og áttu stóran þátt í að gera aðstæður verri. Í kjölfarið komu innflytjenda-fulltrúi og forstjóri *Victoria Railway Company* til þess að kanna aðstæður og ástand hópsins. Sökuðu þeir Íslendingana um leti þar sem einungis fimmtíu af níutíu mönnum væru í vinnu og hvöttu þá til þess að nýta tækifærið og safna sér peningum. Þeir veittu því þó athygli að mikill doði var yfir mannskapnum sem og að húsnæðið var ófullnægjandi. Héttu þeir því að byggja tvö hús til viðbótar, auka lofthæðina í húsunum sem fyrir voru til, ásamt því að senda lækni á staðinn (Gislason, 1999, bls. 15). Það var bæði dýrt og erfitt var að verða sér út um mat fyrir þá sem enn höfðu til þess efni og því ákvað Sigtryggur að opna verslun í Kinmount. Fékk hann Friðjón Friðriksson, sem komið hafði til Rosseau árið áður til þess að reka verslunina. Með leyfi frá innflytjendastofnuninni gátu þeir sem höfðu atvinnu komist í reikningsviðskipti, en máttu þó ekki versla fyrir meira en sem næmi útborguðum launum (Gislason, 1999, bls. 18-19).



Í byrjun nóvember fóru fimm Íslendingar frá Ontario til Nova Scotia til að kanna hvort það væri fýsilegt að flytja þangað frá Kinmount að áeggjan Jóhannesar Arngrímssonar sem kynnti nýtt og betrubætt tilboð um flutning til fylkisins. Hverjum þeim sem flytti austur stæði til boða hundrað ekru land, fullbúið húsnæði með hlóðældavél og öðrum heimilistækjum, eins árs vistir, og ellefu dollarar. Í heildina fóru um áttatíu manns frá vori til haustsins 1875 til Nova Scotia frá Ontario og stofnuðu nýlenduna Markland. Jóhannes fór í kjölfarið til Íslands til þess að kynna nýlenduna fyrir landsmönnum. Nokkuð var um beina flutninga frá Íslandi til fylkisins og þegar best lét voru þar rétt rúmlega tvö hundruð Íslendingar, flestir í Markland og sjávarþorpinu Lockeport. Ekki varð nýlendan langlíf sökum þess hversu léleg landgæðin voru og lagðist hún niður árið 1881 og fluttu flestir til Íslendingabyggðanna í Manitoba (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 301-322).

Í Kinmount voru margir enn án atvinnu og fjöldi manna komnir í mikla skuld við verslun Sigtryggs. Þvert á tilmæli ríkisvaldsins lánaði verslunin fleirum en þeim sem voru í vinnu fyrir mat til að koma í veg fyrir hungursneyð. Sigtryggur reyndi hvað hann gat til þess að bæta kjör Íslendinganna. Sendi hann bréf til fjölmiðla þar sem hann varaði við því að ef ekkert yrði gert myndi fólkið svelta. Það gæti ekki talist góð auglýsing og væri líklegt til að valda skaða á áformum innflytjendaráðs Kanada að beina straumi Íslendinga frá Bandaríkjunum til landsins. Í mars 1875 varð *Victoria Railway Company* uppiskroppa með fé og misstu þeir Íslendingar sem þar höfðu starfað vinnu sína. Fór nú hópurinn í Kinmount að tvístrast og var hægt og rólega að leysast upp. Þeir sem höfðu fjárráð fluttu í burt í leit að atvinnu, um þrjátíu manns fóru til Nova Scotia og aðrir fóru að kanna jarðir sem þeim stóðu til boða í nágrenni Kinmount (Gislason, 1999, bls. 19-20). Fréttir af flóttu Íslendinga frá Kinmount bárust víða og skrifuð var mjög ýkt grein í maí mánuði um hópinn í dagblaðinu *The Fenelon Falls Gazette* þar sem því var haldið fram að flestir hefðu eða væru að fara á austurströndina. Þá var því einnig slegið fram að ekki yrði mikil eftirsjá af þeim þar sem þeir væru sóðar og drykkjumenn. Innflytjendafulltrúi Ontario hafði í kjölfarið samband við Sigtrygg og spurði hvort það væri rétt að allir væru að yfirgefa staðinn. Sigtryggur sendi honum bréf þar sem hann útlistaði hvar allir sem komu með *St. Patrick* væru og voru þrjú hundruð og tíu í Ontario, þrjátíu og átta fluttir til Nova Scotia og tuttugu og fjórir höfðu látist (Eyford, 2003, 112-113). Alls voru eitthundrað og fimmtán eftir í Kinmount, fimmtíu manns að vinna á bóndabæjum í nágrenninu á meðan aðrir voru ýmist í Toronto eða öðrum bæjarfélögum þar sem hægt var að fá vinnu (Gislason, 1999, bls. 22).

Í lok árs 1874 komust Íslendingarnir í Kinmount í kynni við John Taylor sem þá var yfirmaður *Bresk-Kanadíska biblíufélagsins* og sá um að útvega skógarhöggs mönnum í nálægum bæjarfélögum guðþjónustu (Gislason, 1999, bls. 20). Taylor hafði á sínum yngri árum stundað verslun á þrælum frá Karabíska hafinu til Texas í Bandaríkjunum og var að lokum dæmdur fyrir þrælasölu og sat í fangelsi í Barbados í rúm þrjú ár. Eftir að afplánun lauk snéri hann til Englands þar sem hann frelsaðist til baltískrar trúar árið 1844 og ákvað að helga líf sitt Guði til þess að bæta fyrir fyrri syndir (Eyford, 2010, bls. 198-202). Taylor sem hafði búið í Kanada frá 1848 fékk vitneskju um hóp af Íslendingum sem áttu í miklum erfiðleikum í Kinmount. Eftir að hafa kynnt sér aðstæður þeirra fór hann markvisst að vinna að því að aðstoða hópinn til að bæta hag sinn. Fór hann m.a. á fund yfirvalda í Ottawa höfuðborg Kanada þar sem lagði fram lausn á atvinnuleysi og neyð Íslendingana í Ontario. Lagði hann til að stofnuð yrðu sérstök verksmiðjubú þar sem hópurinn gæti unnið, lært ensku, aðlagð sig að menningunni og myndu á þann hátt verða sjálfstæðir borgarar og þyrftu ekki fjárhagsaðstoð. Stjórnvöld tóku hugmyndum hans heldur fálega, en stungu upp á því að Taylor myndi beina athygli sinni að því að fá Íslendingana til þess að setjast að í Manitoba (Eyford, 2010, bls. 202). Ljóst var að tilraunir Íslendinga til að setjast endanlega að í Ontario myndu ekki verða að veruleika þegar fylkisstjórnin neitaði að halda áfram að veita þeim sem komu með *St. Patrick* fjárstyrk, ásamt því að lýsa yfir að ekki yrði sóst eftir því að fá fleiri Íslendinga til fylkisins (Eyford, 2003, bls. 115-116).

Taylor kynnti hugmyndir stjórnvalda í Ottawa fyrir Íslendingunum og á fundi Kinmount þann 31. maí var kosin sendinefnd til að fara vestur og skoða land. Voru það Sigtryggur Jónasson, Einar Jónsson og John Taylor sem kjörnir voru, auk þeirra fóru Kristján Jónsson og Skafti Arason frá Kinmount og á leiðinni vestur bættist Sigurður Kristófersson frá Milwaukee í hópinn (Eyford, 2010, bls. 143a). Í byrjun júlí komu þeir á skrifstofu Donald Codd, ráðsmanns landúthlutunar í Winnipeg, þar sem þeir fengu kort með öllum landsvæðum sem búið var að mæla og merkja undir hugsanlegar nýlendur fyrir komandi landnema (Eyford, 2010, bls. 75). Ákveðið hafði verið að landsvæðið undir íslenska nýlendu þyrfti að vera nægjanlega stórt til þess að geta hýst alla þá sem nú þegar voru í Norður-Ameríku, ásamt öllum þeim fjölda sem kæmu frá Íslandi á komandi árum. Einnig væri það ákjósanlegt að hægt væri að stunda búskap hliðstæðum því sem þekktist á Íslandi líkt og sauðfjárbúskap og fiskveiðar. Á þann hátt mætti hagnýta þá þekkingu sem Íslendingar byggju nú þegar yfir (Eyford, 2010, bls. 143b). Engin landsvæði sem stóðu til boða í fylkinu uppfylltu þau skilyrði sem sannmælst hafði verið um og var því snúið aftur til Winnipeg á fund Donald Codd.

Beindi hann athygli þeirra að svæði nokkuð norðar landamörkum Manitobafylkis sem byggi yfir þeim kostum sem sóst var eftir. Eftir viku langan könnunarleiðangur um landsvæðið komu þeir enn á ný til Winnipeg þar sem þeir sendu bréf til innanríkisráðuneytisins þar sem óskað var formlega eftir því að svæðið yrði tekið frá fyrir íslenska nýlendu. Jafnframt báðu þeir um að beiðni Íslendinga hefði forgang fram yfir ættbálk Cree indíána sem sóttust eftir sama landsvæði (Eyford, 2010, bls. 77-78). Innanríkisráðherra gaf samþykki fyrir því að Íslendingar fengju svæðið undir nýlendu þrátt fyrir að hafa áður eyrnamerkt það Cree indíánum (Eyford, 2010, bls. 145).

Þeir Sigtryggur, Einar og Taylor héldu á brott frá Winnipeg til þess að kynna skýrslu sem þeir gerðu um nýlenduna fyrir Íslendingum í Ontario og Wisconsin. Skafti, Sigurður og Kristján urðu hins vegar eftir og fóru að vinna við lagningu járnbrautarteina (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943, bls. 330-331). Nýlendan sem strax hlaut nafnbótina Nýja Ísland var kynnt á fundum í Íslendingabyggðum í Milwaukee og Ontario þar sem farið var yfir kosti hennar. Nýja Ísland væri ríkt af auðlindum sem auðvelt væri fyrir Íslendinga að nýta. Mikill og góður fiskur væri í Manitobavatni, skóglendi mikið sem myndi nýtast til húsbygginga og kyndingar, jarðvegur góður til ræktunar, samgönguleiðir góðar bæði á ám og vötnum ásamt því að vera kjörlendi fyrir sauðfjárrækt. Einnig var það mikill kostur að fyrirhuguð járnbraut, sem tengja átti saman austur og vestur Kanada, átti að leggja nálægt Nýja Íslandi og myndi það skapa mikla tekjumöguleika og auðveldari aðdrætti (Eyford, 2010, bls. 144-145). Eftir fundina var lýst yfir miklum áhuga á nýlendunni og ákveðið að sækja um styrk frá kanadískum yfirvöldum til flutninganna. Þann 13. september var samþykki veitt fyrir samtals fimmþúsund dollara styrk til flutninganna frá Ontario til Nýja Íslands (Eyford, 2010, bls. 146) og sáu stjórnvöld mikinn hag í að nýlendan yrði að veruleika þar sem líklegt væri að það myndi auka áhuga framtíðar vesturfara frá Íslandi til þess að setjast að í Kanada í stað Bandaríkjanna. Einnig myndi það hjálpa til við að útvíkka byggðir landsins lengra vestur (Eyford, 2010, bls. 5).

Íslendingar sem yfirgáfu Kinmount voru dreifðir vítt og breitt um Ontario og eftir að samþykki var komið fyrir flutningsstyrknum fór Sigtryggur Jónasson í flýti um fylkið til að láta landa sína vita að farið yrði fljótlega vestur. Samþykkt var að sameinast í innflytjendaskemmuni í Toronto áður en ferðalagið hæfist. Þegar talsverður fjöldi hafði safnast saman í borginni síðla september mánaðar 1875 fór Sigtryggur Jónasson til Íslands. Hann var ráðinn af Kanadastjórn til þess að fara til heimalandsins og kynna Nýja Ísland og Kanada fyrir löndum sínum. John Taylor var hinsvegar ráðinn til þess að vera umboðsmaður

Íslendinga í landinu og tók því við leiðtogahlutverkinu þegar Sigtryggur yfirgaf hópinn. Ríflega tvö hundruð Íslendingar lögðu af stað frá Toronto þann 25. september á vit nýrra ævintýra (Gislason, 1999, bls. 25-26). Hópurinn samanstóð af þeim sem komu með *Manitoban* (44) og *St. Patrick* (180) árin 1873 og 1874 og tuttugu og átta sem höfðu komið í minni hópum til Ontario. Eftir sex daga ferðalag frá Toronto til Duluth í Minnesota bættust átta Íslendingar í hópinn sem höfðu búið í Wisconsin (Eyford, 2010, bls. 131). Við tók ferðalag til Winnipeg þar sem dvalið var í innflytjendaskemmu í fimm daga. Einhver misskilningur varð því búist hafði verið við því að Nýja Ísland yrði undirbúið komu Íslendinganna eins og að koma þangað búfenaði og heyja fyrir veturinn, en það var ekki gert. Ákveðið var að þrjátíu og fimm ungmenni yrðu eftir og réðu sig til vinnumennsku hjá íbúum Winnipeg. Að lokum fór hópurinn á flekum sem dregnir voru áfram af gufubáti upp Red River (Rauðá) inn á Manitobavatn. Ekki var hægt að komast á staðinn sem áætlunin var að byrja búskap á Nýja Íslandi vegna veðurs. Skipstjóri gufubátsins var nauðbeygður til að sleppa flekunum sem rak á land við Willow Point og var fyrsta byggðin á Nýja Íslandi þar nálægt og nefnd Gimli (Brydon, 1999, bls. 5).

Fyrstu ár Íslendinga á Nýja Íslandi reyndust þeim erfið. Vankunnátta á staðar- og búnaðarháttum var þeim til trafala ásamt því að íbúar nýlendunnar sýktust af bólusótt sem margir létust úr. Margir þeirra sem komu til Nýja Íslands á fyrstu árum nýlendunnar, leituðu lengra vestur inn í Kanada og mynduðust líflegar Íslendingabyggðir í Saskatchewan-fylki, Alberta-fylki og í Bresku Kólumbíu. Einnig fór talsverður fjöldi til Norður-Dakota í Bandaríkjunum og varð fylkið höfuðstaður Íslendinga í Bandaríkjunum.

Vesturförunum var mikið í mun að halda í íslenskar hefðir samhliða því að aðlagast og gerast góðir og gildir borgarar í samfélögunum sem þeir settust að í. Mikil samskipti voru á milli vesturfarana, ættingja og vina á Íslandi fyrst um sinn. En eðlilega rofnuðu tengslin hægt og rólega þegar fyrstu vesturfarnir og ættingjar þeirra á Íslandi létust og enska varð aðaltungumál afkomenda þeirra. Vestur-Íslendingar, þ.e. kanadískir og bandarískir afkomendur íslensku vesturfarana, stofnuðu hins vegar fjöldamörg íslensk félög sem enn eru starfandi og hafa einnig verið atkvæðamiklir í rannsóknum á sögu íslensku vesturfarana. Sérstök íslenskudeild er í Háskólanum í Winnipeg sem var stofnuð fyrir tilstuðlan íslenskra vesturfara þar sem m.a. er kennd íslenska. Mikil Íslendingahátíð er haldin ár hvert í Gimli, Manitoba þar sem fjallkonan er krýnd árlega og þykir það mikill heiður að vera valin. Einnig er blaðið *Lögberg-Heimskringla*, sem er málagn Kanadabúa af íslenskum ættum enn gefið út.

## 8 Samanburður á vesturferðum Íslendinga og Norðurlandabjóðanna

Íslendingar hófu fjöldaflutninga vestur um haf tiltölulega seint í samanburði við önnur Evrópulönd sem mörg hver hófu flutning til Norður-Ameríku snemma á nítjándu öld. Af Norðurlandabjóðunum voru það einungis Finnar sem voru seinni af stað en Íslendingar. Heildarfjöldi Norðurlandabúa sem flutti búferlum til Norður-Ameríku á árunum 1825-1914 var um tvær og hálf miljón og voru 5% af öllum vesturförum. Norðmenn voru hlutfallslega flestir eða um 30% af þjóðinni, hlutfall Svía var 21%, Íslendinga um 20%, Finna 11% og eitthvað færri fóru frá Danmörku (Guðjón Arngrímsson, 1997, bls. 26-27).

Svíar voru fyrstir Norðurlandabjóða til að fara vestur um haf árið 1638 og settust að í Delaware fylki á austurströnd Bandaríkjanna og stofnuðu þar nýlenduna Nýja Svíþjóð. Ekki varð nýlendan langlíf og lagðist hún og útflutningur Svía af árið 1650 (Háskólinn í Árósum, e.d.). Þó svo landnámið hafi ekki verið langlíf þá fluttu þeir með sér til Norður-Ameríku, þjálkahúsið sem þekktist ekki í álfunni á þeim tíma og varð fyrsta híbýli margra vesturfara. Árið 1825 fóru norskir kvekarar til New York fylkis á austurströnd Bandaríkjanna og er almennt miðað við það sem upphaf vesturferða Norðurlandabúa. Kvekararnir sendu mikið af bréfum til Noregs og því líklegt að fréttir frá Vesturheimi hafi dreifst víða í Noregi og héldu flutningar þaðan til Ameríku áfram, þó ekki í miklum mæli. Svíar bættust svo í hópinn árið 1840 og hófust þá fjöldaflutningar frá Norðurlöndum. Fyrstu Svíarnir í Ameríku voru heittrúaðir og höfðu lent í útistöðum við ríkiskirkjuna í Svíþjóð. Einnig var farið að bera á því að fólk úr þéttsetnum sveitum landanna tveggja, færi vestur til að bæta líf skjör sín (Bergsteinn Jónsson, 1975, bls. 30-31). Fjöldaflutningar frá Danmörku til Norður-Ameríku hófust um 1850 með mormónum, sem höfðu snúist til trúarinnar eftir trúboð bandarískra mormóna. Héldu Danirnir til Utah fylkis þar sem mormónar áttu sér athvarf (Library of Congress, e.d.). Mormónar voru einnig fyrstu vesturfara Íslendinga þegar þrjár Vestmannaeyingar fóru til Utah árið 1855. Finnar ráku svo lestina og hófu ekki á vesturferðir að neinu marki fyrr en um 1890. Norðurlöndin áttu því öll það sameiginlegt, fyrir utan Finna, að fyrstu vesturfara landanna fóru vegna trúarlegra ástæðna til Bandaríkjanna. Þar gátu þeir iðkað trú sína óáreittir og ruddu þannig leiðina fyrir þá sem á eftir komu (Helgi Skúli Kjartansson og Steinþór Heiðarsson, 2003, bls. 16).

Þegar skoðað er hvar Norðurlandabúar settust að í Norður-Ameríku, skera Íslendingar sig á afgerandi hátt úr hópnum. Yfir 80% íslenskra vesturfara settust að í Kanada og voru eina

Evrópuþjóðin sem fór að meirihluta þangað. Nokkrar ástæður liggja þar að baki, má þar helst nefna inngríp Kanadastjórnar og áherslur hennar í innflytjendamálum og hvernig hún snéri hugum Íslendinga til landsins í upphafi vesturferða, m.a. með niðurgreiðslu á fargjöldum. Ef horft er til áraanna 1870-1914, þegar mesta vesturfaraskeið Íslendinga stóð yfir, þá fóru yfir 90% allra sænskra, norskra og danskra vesturfara til Bandaríkjanna (Hatton, 1995, bls. 557-558). Má líklega rekja það til hversu algengt var að fólk flutti í miklum mæli frá sömu landbúnaðarhéruðum, þar sem tækifæri voru af skornum skammti, ásamt því að innflytjendur sóttu til þeirra svæða þar sem landar þeirra höfðu þegar sest að. Þar sem fyrstu vesturfarar landanna fóru til Bandaríkjanna myndaðist því hefð á flutningum þangað líkt og hjá Íslendingum sem settust að í Kanada, m.a. vegna bréfasamskipta sem vesturfarar áttu við vini og ættingja í heimalandinu (Háskólinn í Árósum, e.d.).

Þegar rýnt er í hvort efnahagskreppur höfðu áhrif á flæði innflytjenda frá Norðurlöndunum til Norður-Ameríku kemur í ljós að þar var Ísland einnig frábrugðið hinum löndunum. Er það einkar sýnilegt á áttunda áratug 19. aldar þegar Íslendingar voru að hefja fjöldaflutninga til Norður-Ameríku. Árið 1873, þegar fyrsti stóri hópurinn fór frá Íslandi, hófst löng kreppa í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku, og varð talsvert mikill samdráttur í vesturferðum frá Svíþjóð og Noregi. Einnig varð samdráttur í Danmörku, þó ekki eins mikill (Helgi Skúli Kjartansson og Steinþór Heiðarsson, 2003, bls. 20). Hins vegar varð mikill uppgangur í vesturferðum Íslendinga fyrir utan árið 1875, þá sennilega vegna áhrifa Sigtryggs Jónassonar sem biðlaði til Íslendinga að bíða með vesturferðir í eitt ár vegna erfiðs efnahagsástands í Kanada.

Ef gerður er samanburður á samsetningu vesturfara, helstu ástæðum flutninga og hvaða svæðum þeir komu frá, er margt sameiginlegt með Norðurlöndunum. Algengt var að bændur og fjölskyldur þeirra, yfirgæfu fullsetin sveitahéruð og færu beint þaðan vestur um haf, sérstaklega í þeim héruðum þar sem fólksfjölgun hafði verið hlutfallslega mest (Helgi Skúli Kjartansson, 1980, bls. 55) og tækifæri voru af skornum skammti. Líkt og á Íslandi þar sem flestir fóru frá Norður-Múlasýslu og Þingeyjarsýslum (Gunnar Karlsson, 2009, bls. 23c), þar sem mesta fólksfjölgun varð á landinu á árunum 1835-1860 og megnið af heiðarbýlum landsins var að finna. Þrepaflutningar voru algengir á Norðurlöndum, þ.e. að fólk sem stundaði búskap flytti frá sveit í þéttbýli og þaðan vestur um haf. Fátækt og einhleypt fólk var líklegra til að flytja vestur um haf í þrepaflutningum, þá sérstaklega einhleypar konur. Þær áttu erfiðara með að ganga í hjónaband en karlar ásamt því að laun vinnukvenna voru lægri en vinnukarla. Því voru þær líklegri til þess að flytja úr þéttbýli þar sem þær gátu fengið vinnu og

safnað fyrir fari, á meðan einhleypir karlmenn voru líklegri til að fara beint úr sveit og vestur um haf (Ólög Garðarsdóttir, 1998, bls. 178-179).

## 9 Lokaorð

Árið 1855 hófust vesturferðir Íslendinga þegar sunnlenskir mormónar fóru til Utah í Bandaríkjunum. Ekki var um fjöldaflutninga að ræða, en einungis fimmtán einstaklingar fluttu þangað til ársins 1870, sem er jafnframt það ártal sem fræðimenn miða almennt við sem upphafsár eiginlegs vesturfaraskeiðs Íslendinga. Vesturfaraskeiðið stóð yfir til ársins 1914 og talið er að á milli 16.400-20.000 Íslendingar hafi flust vestur um haf, þar af um 80% til Kanada. Flestir fóru frá Norðaustur- og Austurlandi.

Vert er að velta því fyrir sér hvort straumur íslenskra vesturfara hefði legið til Brasilíu ef tilraunir útflutningsfélagsins hefðu heppnast. Fjöldi manna hafði í hyggju að að flytjast búferlum til Brasilíu á árunum 1863-1873. Árið 1873 fór fyrsti stóri hópurinn frá Íslandi til Norður-Ameríku, sama ár og um 600 Íslendingar höfðu skráð sig til Brasilíufarar. Fátíðar og stopular samgöngur voru helsta ástæða þess að lítið varð úr áformum útflutningsfélagsins. Loks þegar tíðari og betri samgöngur til og frá Íslandi voru orðnar að veruleika, lá straumur íslenskra vesturfara nánast alfarið til Kanada. Þó er hugsanlegt að þegar fréttist hversu litla landskika Íslendingarnir í Brasilíu fengu úthlutað, að það hafi fælt aðra landsmenn frá, sérstaklega í ljósi þess að það var mikilvægt í augum íslenskra vesturfara að hafa nægjanlegt jarðnaði til þess að geta stundað fjárbúskap í nýju landi.

Vesturferðir Íslendinga voru að mestu líkar því sem átti sé stað hjá hinum Norðurlandapjóðunum. Langflestir vesturfarar Norðurlandanna komu úr þéttsetnum sveitahéruðum þar sem lítið var um tækifæri, en í kringum aldamótin 1900 fór að bera meira á því að fólk úr þéttbýli færi vestur um haf og þá oft eftir þrepaflutninga. Það sem teljast má frábrugðið með Íslendingum og hinum Norðurlöndunum var hversu seint Íslendingar hófu að flytja burt og einnig sú staðreynd að mikill meirihluti fór til Kanada í stað Bandaríkjanna eins og aðrir Norðurlandabúar gerðu. Hversu seint Íslendingar tóku til við að fara vestur um haf má einkum kenna um lélegum samgöngum til og frá landinu. Ekki var það fyrrséð að straumur íslenskra vesturfara lægi til Kanada. Straumurinn lá fyrst til miðvesturríkja Bandaríkjanna þar sem litlar nýlendur voru stofnaðar. Árin 1873-1874 komu tveir stórir hópar frá Íslandi til Ontario fylkis í Kanada og stofnuðu þar til tveggja nýlendna. Vegna mikils atvinnuleysis og erfiðleika, fækkaði mjög í nýlendunum og leituðu margir íbúar þeirra til Bandaríkjanna og Nova Scotia. Til stóð að stofna stóra nýlendu í Alaska þar sem Íslendingar gætu sameinast á einn stað. Miklar tafir urðu á afgreiðslu umsóknar um landsvæðið þar og urðu þau áform endanlega að engu í byrjun árs 1875. Kanadísk yfirvöld samþykktu árið 1875



beiðni forvígismanna Íslendinga í Kanada um að fá úthlutað stóru landsvæði undir nýlendu við Manitobavatn sem nefnt var Nýja Ísland. Kanadísk yfirvöld sáu sér hag í því að veita Íslendingum styrk til þess að flytjast til Nýja Íslands sem og að niðurgreiða fargjöld íslenskra vesturfara með því skilyrði að þeir settust að í landinu. Varð það til þess að Íslendingar settust að í miklum mæli í Kanada heldur en í Bandaríkjunum.

Erfitt er að alhæfa um eina ástæðu þess hvers vegna svo margir Íslendingar yfirgáfu heimahagana og lögðu leið sína vestur um haf. Eflaust hafa margir farið af einskærri ævintýraþrá en þó verður að telja líklegast að flestir vesturfaranna hafi flust búferlum í þeirri von um að öðlast meiri lífsgæði og aukið frelsi. Mikill fjöldi Íslendinga var ófrjáls vegna vistarbandsins og átti litla möguleika á að bæta lífsskilyrði sín, sérstaklega í ljósi þess að allar bújarðir voru þaulsetnar og að auki, mikill meirihluti þeirra í eigu ríkra manna sem leigðu þær út. Náttúruöflin voru einnig áhrifavaldar þar sem kuldaskið með tilheyrandi uppskerubresti og sauðfjárfelli gerði bændum erfitt fyrir, einkum norðanlands. Ásamt því misstu margar fjölskyldur á Norður- og Austurlandi lífsviðurværi sitt vegna afleiðinga Öskjugossins árið 1875. Auk framangreindra ástæðna var einnig óánægja með ríkjandi stjórnarfar og kölluðu margir Íslendingar eftir auknu sjálfstæði frá Danmörku. Sumir fræðimanna sem rannsakað hafa vesturfaraskiðið telja að áhrif sjálfstæðisbaráttunnar ofmetin þegar litið er til hugsanlegra ástæðna fyrir brottflutningi. Hinsvegar er erfitt að líta framhjá þeirri staðreynd að margir af forvígismönnum vesturfaranna tiltóku það sem eina af helstu ástæðum fyrir brottflutningi, þ.e. hversu hægt það gengi að Ísland fengi aukið sjálfstæði frá Danmörku.

# Heimildir

- Aarhus University. (e.d.). *Emigration in the Nordics: an overview since 1880s*. Sótt 6. apríl 2020 af <https://nordics.info/en/show/artikel/emigration-in-the-nordics-an-overview-since-1800s/>
- Alþingi. (2016, 5. febrúar) Æviágrip Þingmanna frá 1845. *Jón Ólafsson*. Sótt 7. mars 2020 af <https://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=327>
- Ágústa E. Maxwell. (2012). Fishing for Modernity: How Material Relationships can Mediate Tensions in an Immigrant Community, The Case of the Icelandic Emigration to Canada in the late Nineteenth Century [rafræn útgáfa]. *International Journal of Historical Archaeology*, 16, 101-105.
- Bergsteinn Jónsson. (1975). Aðdragandi og upphaf vesturferða af Íslandi á nítjándu öld. *Andvari*, 1, 28-50. Sótt 3. október 2019 af <https://timarit.is/page/4311130#page/n29/mode/2up>
- Björn G. Björnsson. (1995, 17. september). Landnám í Utah. *Morgunblaðið*. Sótt 10. september 2019 af <https://timarit.is/page/1837641#page/n7/mode/2up>
- Brydon, A. (1999). Icelanders In Canada. Í Magosci, R. P. (ritstjóri), *Encyclopedia of Canada's Peoples* (bls. 685-700). Toronto: Multicultural History Society of Ontario and University of Toronto Press.
- Einar Ásmundsson. (1860, 31. mars). [Ekkert heiti]. *Norðri*. Sótt 20. desember 2019 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=138451&pageId=2036349&lang=is&q=31%20Marz](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=138451&pageId=2036349&lang=is&q=31%20Marz)
- Eyford, R. (2003). *Icelandic Migration to Canada, 1872-1875: New Perspectives on the 'Myths of Beginnings'*. Meistararitgerð. Carleton Háskóli í Ottawa.
- Eyford, R. (2010). *An Experiment in Immigrant Colonization: Canada and the Icelandic Reserve, 1875-1897*. Doktorsritgerð: Háskólinn í Manitoba.
- Eyford, R. (2016). *White Settler Reserve: New Iceland and the Colonization of the Canadian West*. Vancouver og Toronto: UBC Press.
- Eyrún Eyþórsdóttir. (2012). Íslensk sjálfsmynd í Brasilíu. Í Sveinn Eggertsson og Ása G. Ásgeirsdóttir. *Þjóðarspejillinn*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.



- Jón Ólafsson. (1875). *Alaska*. Sótt 11. febrúar af <http://www.gutenberg.org/files/15178/15178-h/15178-h.htm> Rafbók. (2005, 26.febrúar). *The Project Gutenberg ebook of Alaska*.
- Kafla úr bréfi frá Íslendingi á eyjunni Washington í Ameríku, dagsett 8. mars 1872. (1872, 13. júlí). *Norðanfari*. Sótt 14. janúar 2020 af <https://timarit.is/page/2040226?iabr=on#page/n2/mode/2up>
- Library of congress. (e.d.). *The Danes*. Sótt 6. apríl 2020 af <https://www.loc.gov/teachers/classroommaterials/presentationsandactivities/presentations/immigration/scandinavian4.html>
- Ólöf Garðarsdóttir. (1998). Tengsl þéttbýlismyndunar og Vesturheimsferða frá Íslandi. *Saga*, 1, 153-183. Sótt 2. apríl 2020 af <https://timarit.is/page/5280806#page/n153/mode/2up>
- Páll Magnússon og Eyríkur Halldórsson. (1873, 1. mars). Ágrip. *Norðanfari*. Sótt 13. nóvember 2019 af <https://timarit.is/page/2040323?iabr=on#page/n1/mode/2up/search/Lambertsen>
- Páll Þorláksson. (1873, 19. apríl). Concordia University St. Louis, Missouri 27.-1-73. Herra ritstjóri!. *Norðanfari*. Sótt 15. janúar 2020 af <https://timarit.is/page/2040352?iabr=on#page/n4/mode/2up/search/P%C3%A1ll%20C3%9Eorl%C3%A1ksson>
- Páll Magnússon og Jón Ólafsson. (1873, 17. júní). Frá fundi vesturfara og fjársöllumanna. *Norðanfari*. Sótt 1. október 2019 af <https://timarit.is/page/2040389?iabr=on#page/n1/mode/2up/search/Gr%C3%A1nufjel>
- Páll Magnússon. (1874, 11. ágúst). Til Vesturfara. *Norðanfari*. Sótt 22. mars 2020 af <https://timarit.is/page/2040529?iabr=on#page/n1/mode/2up/search/Magn%C3%BAsson>
- Siguróli Magni Sigurðsson. (2013). *Saga trúboðs mormóna á Íslandi 1851-1913*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Hugvísindasvið.
- Stjórnarráð Ísland. (e.d.). *Leiðin til sjálfstæðis*. Sótt 3. mars 2020 af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/sogulegt-efni/heimastjorn-1904-1918/leidin-til-sjalfstaedis/>
- Sveinn Skúlason. (1860, 29. febrúar). Ekkert heiti. *Norðri*. Sótt 20. desember 2019 af <https://timarit.is/page/2036346#page/n5/mode/2up>
- Úr bréfi frá Jóhannesi Arngrímssyni, er seinast var hér til heimilis á Nesi í Höfðahverfi, en er nú kominn til Milwaukee í Vesturheimi, dagsett 22. sept. 1872. (1873, 21. janúar).

*Norðanfari*. Sótt 15. janúar 2020 af

<https://timarit.is/page/2040299?iabr=on#page/n5/mode/2up/search/Milwaukee>

Úr norskri bók, sem rituð er árið 1870 fyrir þá, sem flytja sig til Bandaríkjanna frá Noregi.

(1871, 20. desember). *Norðanfari*. Sótt 15. janúar 2020 af

<https://timarit.is/page/2040142?iabr=on#page/n2/mode/2up/search/Wisconsin>

Vesturfarasetrið á Hofsósi. (e.d.). *Vesturfararnir*. Sótt 11. september 2019 af

<http://hofsos.is/is/vesturfararnir/>

Þjóðflutningar til Vesturheims og Eyja-Álfunnar. (1865, 16. september). *Norðanfari*. Sótt 15. janúar 2020 af

<https://timarit.is/page/2039569?iabr=on#page/n1/mode/2up/search/Wisconsin>

Þorsteinn Þ. Þorsteinsson. (1935). *Vestmenn: Útvarpserindi um landnám Íslendinga í Vesturheimi*. Reykjavík.

Þorsteinn Þ. Þorsteinsson. (1940). *Saga Íslendinga í Vesturheimi*. Fyrsta bindi. Reykjavík: Þjóðræknisfélag Íslendinga í Vesturheimi.

Þorsteinn Þ. Þorsteinsson. (1943). *Saga Íslendinga í Vesturheimi*. Annað bindi. Winnipeg: Þjóðræknisfélag Íslendinga í Vesturheimi.